

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 343. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 4. mars 2021 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Fundargerð 320. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 17. febrúar 2021.
- 2) Fundargerð 136. fundar hafnarstjórnar Snæfellsbæjar, dags. 1. mars 2021.
- 3) Fundargerð 146. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. febrúar 2021.
- 4) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 25. janúar 2021.
- 5) Fundargerð ungmennaráðs, dags. 20. janúar 2021.
- 6) Fundargerðir 186. og 187. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 7. janúar og 13. janúar 2021.
- 7) Fundargerð 190. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga, dags. 2. febrúar 2021.
- 8) Fundargerð 165. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 10. febrúar 2021.
- 9) Fundargerð eigendafundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 1. febrúar 2021.
- 10) Fundargerð framhalds-eigendafundar Sorpurðunar Vesturlands, dags. 22. febrúar 2021.
- 11) Fundargerðir 893. og 894. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 16. desember 2020 og 29. janúar 2021.
- 12) Fundargerð 431. fundar stjórnar Hafnasambands Íslands, dags. 22. janúar 2021.
- 13) Fundarboð á XXXVI. landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. mars 2021.
- 14) Aðalfundarboð Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi, dags. 24. mars 2021.
- 15) Bréf frá Soroptimistaklúbbi Snæfellsness, dags. 23. febrúar 2021, varðandi lagfæringar á brú við Hvalsá.
- 16) Bréf frá Sóknarnefnd Ingjaldshólskirkju, dags. 24. febrúar 2021, varðandi malbikunarframkvæmdir við Ingjaldshól sumarið 2021.
- 17) Uppsagnarbréf frá Davíð Viðarssyni, tæknifræðingi, dags. 25. febrúar 2021.
- 18) Uppsagnarbréf frá Ingigerði Stefánsdóttur, leikskólastjóra, dags. 25. febrúar 2021.
- 19) Drög að reglum um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar.
- 20) Tillaga minni sveitarfélaga til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 16. febrúar 2021.
- 21) Bréf frá Sigurði Á Snævarr, dags. 26. febrúar 2021, varðandi ofgreiðslu staðgreiðslutekna sveitarfélaga, ásamt minnisblaði fjármála- og efnahagsráðuneytisins.
- 22) Bréf frá menningarfulltrúa Vesturlands, dags. 17. febrúar 2021, varðandi menningarstefnu Vesturlands 2021-2025.
- 23) Bréf frá Kvennaathvarfinu, dags. 10. febrúar 2021, varðandi umsókn um rekstrarstyrk árið 2021.
- 24) Bréf frá Þjóðskjalasafni Íslands, dags. 15. febrúar 2021, varðandi eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa.
- 25) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ, 2. mars 2021
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

320. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 17. febrúar 2021 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:


Júníana Björg Óttarsdóttir
Rögnvaldur Ólafsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærarstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Óskaði hún eftir því að fá að taka inn með afbrigðum sem 8. lið bréf frá bæjarritara, dags. 17. febrúar 2021, varðandi afskriftir 2021. Var svo gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

- 1) Bréf frá skólastjórnendum á Snæfellsnesi, dags. 1. febrúar 2021, varðandi stuðning við Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga.
Bæjarráð samþykkti að óska eftir minnisblaði frá Félags- og skólaþjónustu Snæfellinga varðandi málið.
- 2) Bréf frá Jónasi Kristjánssyni, dags. 5. febrúar 2021, varðandi forkaupsrétt Snæfellsbæjar að bátnum Sæfinni SH-999, skipaskr.nr. 6214.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að falla frá forkaupsrétti að bátnum Sæfinni SH-999.
- 3) Bréf frá Guðrúnu Kristinsdóttur, dags. 3. febrúar 2021, varðandi úrsögn úr félagsmálanefnd Snæfellinga.
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og þakkar jafnframt Guðrún setu hennar í nefndinni.
Nýr nefndarmaður verður skipaður á fundi bæjarstjórnar í byrjun mars.
- 4) Bréf frá Ásbirni Óttarssyni, dags. 10. febrúar 2021, varðandi úrsögn úr stjórn Jaðars.
Bæjarráð samþykkti erindið samhljóða og þakkar jafnframt Ásbirni vinnu hans í þágu Snæfellsbæjar.
Nýr nefndarmaður verður skipaður á fundi bæjarstjórnar í byrjun mars.
- 5) Bréf frá Lánasjóði sveitarfélaga, dags. 8. febrúar 2021, varðandi tilnefningu í stjórn LS.
Lagt fram til kynningar.
- 6) Bréf frá Breiðafjarðarnefnd, dags. 1. febrúar 2021, varðandi samantekt nefndarinnar um framtíð Breiðafjarðar.
Lagt fram til kynningar.
- 7) Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 12. febrúar 2021, varðandi upplýsingar um fráveitumál.
Bæjarstjóri er þegar búinn að svara þessu erindi í tölvupósti og kynnti svarið fyrir bæjarfulltrúum.
- 8) Bréf frá bæjarritara, dags. 17. febrúar 2021, varðandi ósk um afskriftir. Sjá trúnaðarmálabók.
Bæjarráð samþykkti samhljóða að afskrifa kröfur að upphæð kr. 889.837.- skv. framlögðum upplýsingum.
- 9) Minnispunktar bæjarstjóra.
 - a) bæjarstjóri fór yfir staðgreiðslu ársins 2020.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:45



Júníana Björg Óttarsdóttir


F.S.




Rögnvaldur Ólafsson


Friða Sveinsdóttir


Kristinn Jónasson, bærarstjóri


Lilja Ólafardóttir, bæraritari

136. fundur hafnarstjórnar Snæfellsbæjar haldinn mánudaginn 01.03. 2021, kl. 20.30 í Félagsheimilinu Klifi Ólafsvík.

Mættir: Jón Bjarki Jónatansson formaður,
Heiðar Magnússon,
Pétur Pétursson,
Sæunn Dögg Baldursdóttir,
Hallgrímur Á. Ottósson,
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Formaður setti fundinn.

1. Bréf frá bæjarritara dags. 15.12. 2020 og 19.01. 2021, varðandi samþykkt bæjarstjórnar á fundargerðum 134. og 135. funda hafnarstjórnar. Lagt fram til kynningar.
2. Bréf frá Umhverfisstofnun dags. 18.12. 2020, varðandi samþykkt stofnunarinnar á viðbragðsáætlunum Hafna Snæfellsbæjar fyrir árið 2020. Lagt fram til kynningar.
3. Fundargerð 42. Hafnasambandsþings dags. 27.11. 2020. Lagt fram til kynningar.
4. Fundargerðir stjórnar Hafnasambands Íslands nr. 429 dags. 26.11., nr. 430 dags. 11.12. 2020 og nr. 431 dags. 22.01. 2021. Lagt fram til kynningar.
5. Viðbragðsáætlanir Hafna Snæfellsbæjar fyrir árið 2021. Hafnarstjóri kynnti viðbragðsáætlanir fyrir Ólafsvíkurhöfn, Rifshöfn og Arnarstapahöfn en þær eru unnar í samræmi við reglugerð nr. 1010/2012, um viðbrögð við bráðamengun hafs og stranda. Áætlanirnar samþykktar samhljóða.
6. Áætlun um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum hjá Höfnum Snæfellsbæjar. Hafnarstjóri kynnti áætlunina en hún er unnin í samræmi við reglugerð nr. 1200/2014 um móttöku og meðhöndlun úrgangs og farmleifa frá skipum og reglugerð nr. 1201/2014 um gjaldtöku í höfnum vegna losunar, móttöku, meðhöndlunar og förgunar úrgangs og farmleifa frá skipum. Áætlunin samþykkt samhljóða.
7. Endurbygging Norðurtangabryggju í Ólafsvíkurhöfn. Hafnarstjóri sagði frá því að útboð vegna reksturs á nýju stálþili hafi verið auglýst þann 13.02. s.l. og verði opnað þann 02.03. 2021.
8. Hafnarstjóri ræddi almennt um hafnarstjórnarfundi og þau fundargögn sem lögð eru fram á fundum hafnarstjórnar. Samþykkt samhljóða að framvegis verði fundir hafnarstjórnar pappírslausir.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 21.15

Fundargerð ritaði: Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

Jón Bjarki Jónatansson formaður.
Heiðar Magnússon.
Hallgrímur Á. Ottósson.
Sæunn Dögg Baldursdóttir.
Pétur Pétursson.
Björn Arnaldsson hafnarstjóri.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - BN. 146BN. 146. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, 25. febrúar 2021
og hófst hann kl. 09:30.

Fundinn sátu:

Drífa Skúladóttir, Halldór Kristinsson, Illugi Jens Jónasson, Davíð Viðarsson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Valgerður Hlín Krstmannsdótti og Svanur Tómasson.

Fundargerð ritaði: Valgerður Hlín Krstmannsdóttir, Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa.

Dagskrá:

1. Letisund A-3_Umsókn um lóð fyrir steypustöð - 2102004

Friðrik Tryggvason sækir um byggingarlóð að Letisundi A-3 þar sem hann hyggst byggja steypustöð. Henti önnur lóð betur tekur hann á móti tillögum frá nefndinni.

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið. Í aðalskipulagi Snæfellsbæjar 2015-2031 eru skilgreind ný iðnarsvæði í gryffum ofan við Rif. Í aðalskipulagi segir; Svæðið er lítt áberandi og hentar því vel fyrir grófari iðnað. Þar er m.a. gert ráð fyrir starfsemi steypustöðvar og flokkunarstöð, enda fer slík starfsemi ágætlega saman. Skipulags- og byggingarfulltrúa, ásamt skipulagsfræðingi og formanni nefndarinnar eru falið að koma með tillögu að mögulegum staðsetningum fyrir næsta fund.

Jákvætt

2. DSK_Brekkan - Deiliskipulagsbreyting - 2102011

Núverandi breyting deiliskipulags Brekkunnar í Ólafsvík felst í því að lóðum fyrir einbýlishús neðan gróðubeltis er fækkað, viðbyggingarreitum er breytt og á tveimur endalóðum er aðal byggingarreit hliðrað. Neðsta botnlangagata er felld að framkvæmd götu og lóð nr. 9-11 við Miðbrekku er breytt lítillega, en þar verði heimilt að reisa parhús eða slá lóðum saman og reisa einbýlishús. Meginbreytingin er að á neðri hluta svæðisins verður nú heimilt að hafa hús á einni hæð, stölluð eða kjallara og efri hæð, þannig að þau verði felld sem best að mismunandi landhalla.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og vill skoða það að fækka lóðum á svæðinu og endurskoða skipulagið.

Frestað

3. Fróðárheiði_Vegagerðin sækir um stofnun lands undir vegstæði úr landi Klettakots og Fornu Fróðá - 2102008

Direkta lögfræðipjónustan sækir um fyrir hönd Vegagerðarinnar um stofnun vegsvæðis úr landi Klettakots og Fornu Fróðá.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

777

M.H

ST
1
ME

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Samþykkt

4. Skálholt 9_Umsókn um byggingarleyfi - 2012003

Ingólfur Ingvarsson sækir fyrir hönd Ingvars Ingólfssonar um byggingarleyfi fyrir endurnýjun húss að Skálholti 9 með breytingum á gluggum, samanber meðfylgjandi teikningar.

Einnig er sótt um leyfi til að byggja bílskúr neðst í lóðinni og opið skýli efst í lóðinni, sjá meðfylgjandi teikningar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfi fyrir endurnýjun húss og breytingu á gluggum með fyrirvara um grenndarkynningu. Nefndin felur byggingarfulltrúa að skoða staðsetningu bílskúrs og lóðarmörk með eiganda.

Samþykkt

5. Háarif 6_Umsókn um byggingarleyfi - 2102010

Hildigunnur Haraldsdóttir sækir um byggingarleyfi fyrir því að innrétta litla íbúð innan olfútanksins á lóð sinni að Háarifi 6 ásamt því að einangra hann að utan. Byggingin er stáltankur sem verður kápa fyrir litla íbúð á 2. hæð. Á jarðhæð tanksins verður lítil geymsla og síðar gert ráð fyrir að nota jarðhæðina sem vinnu- og sýningarsvæði listamanna.

Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar erindinu og felur byggingarfulltrúa að senda erindi til brunasviðs Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar eða til annarra sambærilegra aðila.

Slökkviliðsstjóri bendir á að vöntun er að aðgengi að slökkvivatni á norðvesturhluta Rífs, Háarif 1-15. Bæta þarf úr því sem fyrst.

Frestað

6. Bárðarás 19 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir gróðurhús - 2102009

Drífa Skúladóttir sækir um leyfi fyrir 9 fm gróðurhúsi á aftanverðri lóð sinni að Bárðarási 19. Gróðurhúsið er úr gleri og áli. Sjá staðsetningu á meðfylgjandi loftmynd.

Drífa vikur af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Drífa kemur inn.

Samþykkt

7. Norðurtangi 3_Umsókn um byggingarleyfi vegna varmadælu - 2101011

Orri Freyr Magnússon sækir um leyfir fyrir því að setja varmadælu á norðurhlið eignarhlutar síns að Norðurtanga 3.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

8. Grundarbraut 6_Umsókn um gluggaskipti - 2102003

Kristján G Guðmundsson sækir um byggingarleyfi fyrir gluggaskiptum að Grundarbraut 6. Um er að ræða sjö glugga, þar af eru fjórir gluggar með lausafagi. Mál eldri glugga eru 100x100 cm og lausafaga 30x30 cm. Nýjir gluggar yrðu 100x100

777

M.K.
M.E.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

cm með B40xH50 cm lausafagi.

Undirritaður sækir þá um undanþágu frá reglugerð um brunavarnir hvað varðar flóttaleið um glugga í tveimur herbergjum sökum þess hve stutt er í útgönguleið. Fjarlægð frá útihurð að herbergjum er 1.12 m og 1.45 sbr. meðfylgjandi teikningu. Þá er einnig lúga í kjallara sem er útgengt. Fjarlægð lúgu er til viðbótar fyrri málum 2 m.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu og bendir á að uppfylla þarf kröfur um björgunarop samkvæmt reglugerð. Byggingarfulltrúa er falið að benda eiganda á mögulegar útfærslur.

Hafnað

9. Vallholt 11_Umsókn um byggingarleyfi fyrir breytingum á húsi - 2102007

Sigrún Ólafsdóttir sækir um byggingarleyfi vegna breytinga á húsnæði sínu að Vallholti 11. Skipta á um glugga í húsinu og bæta við nýjum glugga á norðurhlíð húss. Einnig verður gerð breyting á svalahurð að vestanverðu þar sem gönguhurð og glugga verður skipt út fyrir eitt gluggastykki með renndri hurð. Samhliða þessum breytingum verða gerðar breytingar á votrymi og burðarveggjum.

Tilkynnt er um ca 17 fm viðbyggingu við húsið að sunnanverðu skv. meðfylgjandi teikningu.

Illugi viku af fundi.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Illugi kemur aftur inn.

Samþykkt

10. Fellaslóð 4_Birkisól ehf sækir um stöðuleyfi fyrir matvagn - 2102006

Helga Birkisdóttir sækir um fyrir hönd Birkisól ehf um stöðuleyfi fyrir söluvagn að Fellaslóð 4 á Arnarstapa sumarið 2021.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

11. Umsókn um stöðuleyfi á geymslusvæði - 2102001

Útnes ehf. óskar eftir stöðuleyfi fyrir gám á gámasvæði Snæfellsbæjar í grjótnámu við Ríf.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

12. Ólafsbraut 82_Umsókn um stöðuleyfi - 2101013

Rarik Ólafsvík sækir um stöðuleyfi fyrir gám við húsnæði Rariks að Ólafsbraut 82. Gámur er notaður fyrir efni sem þarf að vera innandyra.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið og bendir á að stöðuleyfi er tímabundin lausn. Nefndin hvetur til að varanlegri lausn verði fundin.

Samþykkt

13. Gröf_Fyrirspurn vegna byggingar frístundahúss - 2101007

Undanþága frá veghelgunarlínu Vegagerðarinnar vegna nýbyggingar að Gröf, Breiðuvík. Staða málsins kynnt.

777

M.K

M.S

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Erindi kynnt.

Kynnt

14. Ennisbraut 23_Fyrirspurn vegna gáms - 2101012

Roman Stanski óskar eftir því að staðsetja gám á lóð sinni að Ennisbraut 23, sjá staðsetningu á meðfylgjandi mynd. Gámurinn verður klæddur og skráður og mun þjóna hlutverki geymslu.

Umhverfis- og skipulagsnefnd hafnar erindinu og hvetur eiganda til að finna aðrar lausnir.

Hafnað

15. Ennisbraut_Samþykki fyrir gagnvirkri hraðahindrun - 2102012

Vegagerðin óskar eftir því að Snæfellsbær heimili uppsetningu tilraunaverkefnis á Ennisbraut, Ólafsvík. Tilraunin felst í því að athuga virkni og árangur gagnvirkrar hraðahindrunar. Eftir eitt ár mun ákvörðun vera tekin um framhaldið en hún mun byggjast á reynslu og árangri þessarar nýju gerðar hraðahindrunar.

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Óskað er eftir því að fundað verði sem fyrst með Vegagerðinni og farið í vettvangsferð og staðsetning endanlega ákveðin.

Samþykkt

16. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2021 - 2101004

- Útfærsla á frárennislögn við Olíutanka í Ólafsvík
Byggingarfulltrúi sagði frá lausn frárennslis

- Kærur vegna stöðuleyfa og Kólumbusarbryggju
Byggingarfulltrúi sagði frá stöðu mál

- Umsókn um stöðuleyfi fyrir matarvagn á Arnarstapa frá Filip Procházka.
Kynnt.

- Slökkviliðsstjóri fer fram á að brunahani verði settur við Ólafsbraut 62-64 og skoðað verði aðgengi að slökkvivatni inni í Fossárdal.

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 11:30.

Sósn Tómasson
Hildur K. Linn
Ólafur Einarsson
Filippur Jónsson
Kristján Árnason
Ólafur

H.K.
SI

Fundargerð Skóla-og fræðslunefndar

Fundur 25.jan 2021 í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl 20:00.

Mættir: Kristín Helga, Ari Bent, Monika, Kristgeir, Tobba, Hilmar og Sigrún Erla.

Ritari: Sigrún Erla Sveinsdóttir

Hilmar (GSNB):

Starfsemin hefur gengið vel á covid tíma.

Hilmar leggur fram kynningu á núverandi skólareglum. Hann óskar eftir ábendingum frá nefndinni. Nýtt námsmat lagt fram til kynningar. Foreldrar og nemendur geta fylgst með því inni á Mentor.

Samtalsdagur 5.feb verður í rafrænu formi eins og í haust.

Það lítur út fyrir fækkun á nemendum á næsta skólaári.

Skóladagatal 2021-2022: Hilmar óskar eftir að fá athugasemdir frá öllum hópum skólans til að koma til móts við sem flesta. Það helsta er vetrarfrið. Hilmar óskar eftir ábendingum frá nefndinni.

Inga og Auður (Leikskólinn) mæta kl 20:30:

Loksins komið að því að foreldrar megi koma inn á leikskólann til að koma með börnin og sækja þau. Sálfræðingur og talmeinafræðingur fá að koma inn auk foreldra barna í aðlögun. Annars eru heimsóknir ekki leyfðar.

Verið er að uppfæra reglur um leikskólavist en núverandi reglur eru síðan 2004. Ýmislegt búið að breytast. Nefndin mun lesa yfir þær fyrir næsta fund.

Það er margt sem kallar á viðhald á starfstöðum leikskólans.

Það hefur fækkað börnum. Inga leggur til að eftir um ár þarf að setjast niður og ræða framtíð starfsstöðvanna, m.t.t. fjölda leikskólabarna.

Umræða um styttingu vinnuvikunnar. Það þarf að breyta fyrirkomulaginu hjá leikskólanum, finna aðrar leiðir svo það komi sem best út fyrir bæði starfsmenn og leikskólann.

Valentína (Tónlistarskólinn) kemur um kl 21:

Gengur vel. 80 nemendur nú, nokkrir á biðlista. Svipað og fyrri ár. Skólinn ætlar að taka þátt í Nótunni (uppskeruhátíð) með öðruvísi sniði en hver og einn skóli fær að skila inn upptöku upp á 2-4 mínútur. Kennslan er áfram óbreytt. Tónfundir og vortónleikar verða ef hægt verður m.t.t. covid.

Fundi slitið 21:30.

Fundur 20. Janúar 2021

Mæting: Minela, Björg Eva, Laufey Helga

Umræðuefni:

- Valið formann og ritara (Minela og Margret)
- Rætt var erindisblað
- Áhugi til þess að funda við bæjarstjórn og kynna málefni og okkar plön
- Páskabingó? Rafrænt?
- Fá íþróttahúsið fyrir krakka og unglunga og hafa t.d sokkabolta eða körfubolta, halda kanski upp á smá mót allt að 20 manns.
- Sumarið í tröð, þar sem að það gekk ekki upp sumarið 2020
- Fyrirlestrar í grunnskóla
- Hafa fund fljótlega þar sem að mætingin var ekki góð



186. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 7. janúar 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Bjarnason og Karl Kristjánsson.

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Framtíð Breiðafjarðar – innsendar umsagnir

Samantekt nefndarinnar varðandi framtíð Breiðafjarðar, ásamt drögum að tillögum hennar til ráðherra voru sendar sveitarstjórnnum við fjórðinn til formlegrar umsagnar þann 23. nóvember 2020. Hún var auk þess birt á heimasíðu nefndarinnar og íbúum þannig gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum í gegnum tölvupóst. Umsagnarfrestur var gefinn til 18. desember en þeim umsögnum sem berast nefndinni fram að lokaútgáfu samantektarinnar verður þó haldið til haga.

Umsagnir hafa borist frá öllum sveitarfélögum sem að firðinum liggja. Auk þess bárust fjörutíu umsagnir frá íbúum, landeigendum, ýmsum hagsmunaaðilum sem nýta hlunnindi fjarðarins og öðrum sem létu sig málið varða.

Breiðafjarðarnefnd ítrekar að samtalið um framtíð Breiðafjarðar er rétt að hefjast. Breiðafjarðarnefnd telur því mikilvægt að næstu skref í mótun framtíðar Breiðafjarðar feli í sér vel útfærða fræðslu og ítarlegt samráð um málið svo að skoðanir og afstaða byggi á réttum forsendum.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd þakkar þeim sem sendu umsagnir og athugasemdir við samantekt nefndarinnar. Samþykkt að taka saman helstu niðurstöður umsagnanna og birta þær í lokaskýrslu nefndarinnar, sem afhent verður ráðherra í janúar.

Næsti fundur:

Þriðjudagur 13. janúar kl. 10:30.

Fundi slitið kl. 11:50



187. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. janúar 2021, á Teams

Mætt: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir (mætti kl. 11:20), Ragnhildur Sigurðardóttir, Arnheiður Jónsdóttir, Róbert Arnar Stefánsson, Eyjólfur Bjarnason, Karl Kristjánsson og Magnús A. Sigurðsson (yfirgaf fundinn kl. 11:15).

Fundarritari: Theódóra Matthíasdóttir (TM)

Formaður setti fund kl. 10:30.

Fundargerð 184. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Fundargerð 185. fundar

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

Erindi frá umhverfis- og auðlindaráðuneyti, forkaupsréttur vegna Svefneyja – ósk um umsögn.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd hefur farið yfir erindið og álitur að ekki sé þörf á því að ríkissjóður beiti forkaupsrétti.

Framtíð Breiðafjarðar – samantekt um framtíð Breiðafjarðar.

Drög að samantekt og niðurstöðum Breiðafjarðarnefndar um framtíð Breiðafjarðar lögð fram.

Afgreiðsla:

Samþykkt að fela ritara að gera breytingar í samræmi við umræður á fundinum.

Samþykkt að senda samantektina rafrænt til umhverfis- og auðlindaráðherra og birta á heimasíðu Breiðafjarðarnefndar.

Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundi slitið kt. 12:10



Fundargerð 190. fundar félagsmálanefndar Snæfellinga

Opinber útgáfa!

Fundarstaður; Fundarstaður: „Teams-fjarfundarbúnaður“
Dagsetning; Þriðjudagur 2. febrúar, 2021 kl. 16.30

Mættir: Eygló Bára Jónsdóttir, Sigrún Þórðardóttir, Guðrún Kristinsdóttir, Ragnheiður Harpa Sveinsdóttir, Birta Antonsdóttir, formaður, Ingveldur Eyþórsdóttir, yfirfélagsráðgjafi FSS og Sveinn Þór Elinbergsson, forstöðumaður FSS.

Dagskrá: Meðferð máls

1. Birta Antonsdóttir, formaður, setur fund og stýrir.
2. **Málefni, skv. lögum um barnavernd** kynning – umræða – afgreiðsla
(...fært í trúnaðarbók félagsmálanefndar)
3. **Málefni, skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga** kynning – umræða – afgreiðsla
Jón Haukur Hilmarsson, þroskaþjálfari, hóf þann 1. ágúst sl. starf sem ráðgjafarþroskaþjálfari grunn- og leikskóla, ennfremur sem fagstjóri þjónustupátta fatlaðs fólks.
Þórheiður Elín Sigurðardóttir, þroskaþjálfari, hefur verið ráðin í starf forstöðumanns Smiðjunnar frá og með 1. mars n.k., í stað Gunnsteins Sigurðssonar sem lét af starfi þann 1. des sl.
4. **Málefni, skv. lögum og reglugerð um sérfræðiþjónustu við leik- og grunnskóla**
 - a) Hrönn Baldursdóttir hefur verið ráðin í 20% stg. náms- og starfsráðgjafa grunnskólannatil loka yfirstandandi skólaárs.
 - a) Forstöðumaður og yfirfélagsráðgjafi FSS kynntu og gerðu grein fyrir skólaþjónustupáttum FSS og svöruðu fyrirspurnum þ.a.l. á vinnufundi hreppsnefndar Eyja- og Miklaholtshrepps og skólalæra Laugargerðisskóla í félagsheimilinu Breiðabliki þriðjudaginn 26. janúar sl.
5. **Önnur mál** kynning – umræða
 - a) Brynja Mjöll Ólafsdóttir, ráðgjafi félagsþjónustu og stuðningsþjónustu sveitarfélaganna, er fulltrúi FSS í vinnuhópi Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi er fjallar um bættari þjónustu við eldri íbúa Vesturlands.
 - b) Þjónusturáðs Vesturlands í málefnum fatlaðs fólks hefur hlotið styrkveitingu Jöfnunarsjóðs til að efna til sameiginlegrar starfsefningar starfsfólks þjónustupátta fatlaðs fólks á Vesturlandi
 - c) 112 dagurinn í næstu viku er tileinkaður barnaverndarstarfi.

Fleira ekki gert og fundið slitið kl. 18.10 / fundarritari SPE



165. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Fjarfundur í Teams kl. 16:00 miðvikudaginn 10. febrúar 2021

Fundargerð

Á fundinum voru:

Karitas Jónsdóttir (KJ)
Auður Kjartansdóttir (AK)
Brynja Þorbjörnsdóttir (BP)
Steinunn I. Magnúsdóttir (SIM)
Silja Eyrún Steingrímsdóttir (SES)
Ragnhildur Sigurðardóttir (RS)
Trausti Gylfason (TG)

Einnig sátu fundinn starfsmenn heilbrigðiseftirlitsins Ása Hólmarsdóttir og Þorsteinn Narfason framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerð.

1. Kæra til lögreglu vegna brennu í Helgafellssveit

Lögð fram kæra Heilbrigðiseftirlits Vesturlands til Lögreglunnar á Vesturlandi dagsett 25. janúar 2021 þar sem kærð er brennsla á úrgangi í landi Hóla í Helgafellssveit.

2. Umsagnir

Umsagnir til sýslumanns

2.1 Rekstrarleyfi veitingastaða

- a. Sylvanine Anton-Scharapenko, Klettsbúð 3, Rifi, RAM veitingastaður. Nýtt leyfi. Jákvæð umsögn.
- b. Grjótið Bistro-Bar ehf, Kirkjubraut 8-10, Akranesi. Nýtt rekstrarleyfi fyrir skemmtistað, kaffihús og veitingastofu. Jákvæð umsögn.
- c. SS-veitingar ehf, Narfeyrarstofa. Aðalgötu 3, Stykkishólmi. Endurnýjað rekstrarleyfi. Jákvæð umsögn.
- d. Heilsusköpun ehf. Laugar Sælingsdal, Dalabyggð. Nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað með veitingum. Jákvæð umsögn.

Lagt fram

2.2 Rekstrarleyfi gististaða

- e. Kría Services sf, Kveldúlfsgata 27, Borgarnesi. Jákvæð umsögn HeV (ath. Borgarbyggð gaf neikvæða umsögn vegna skipulagsmála.)
- f. Heilsusköpun ehf. Laugar Sælingsdal, Dalabyggð. Nýtt rekstrarleyfi fyrir gististað með veitingum. Jákvæð umsögn.

Lagt fram

Umsagnir til sveitarfélaga

2.3 Samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð.

Lögð fram drög að samþykkt um meðhöndlun úrgangs í Dalabyggð með athugasemdum frá Umhverfis- og auðlindaráðuneyti.

Málinu frestað til næsta fundar.

2.4 Umsagnir um skipulagsmál:

Borgarbyggð

- a. Deiliskipulag í landi Eskiholts 2, frístundabyggð.
- b. Aðalskipulagsbreyting í landi Ytri Skeljabrekku, frístundabyggð, íbúðasvæði.
- c. Deiliskipulagsbreyting í landi Ytri Skeljabrekku, frístundabyggð, íbúðasvæði.

Eyja- og Miklaholtshreppur

- d. Deiliskipulagsbreyting fyrir Miðhraun 2.
- e. Deiliskipulagsbreyting fyrir Stóra Krók (Miðhraun 2).
- f. Deiliskipulagsbreyting Laugagerði.

Hvalfjarðarsveit:

- g. Deiliskipulag fyrir ferðaþjónustusvæði í landi Móa.
- h. Deiliskipulagsbreyting á vestursvæði Grundartangahafnar.

Lagt fram

3. Sementslysið á Akranesi 5. janúar 2021

Lögð fram skýrsla Umhverfisstofnunar dagsett 20. janúar 2021 ásamt bréfi stofnunarinnar til Sementsverksmiðjunnar dagsett 27. janúar 2021.

Lagður fram tölvupóstur frá Umhverfisstofnun þar sem fram kemur að stofnunin er að kanna hvort atburðurinn teljist umhverfistjón í skilningi 3. gr. laga nr. 55/2012 um umhverfisábyrgð.

Málið var kynnt.

4. Fráveitumál

4.1 Stöðuskýrsla Umhverfisstofnunar 2018 um fráveitumál var lögð fram og kynnt.

Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að kalla eftir upplýsingum frá þeim sveitarfélögum þar sem engin hreinun er á fráveitu hvort fyrir liggja áætlun um úrbætur.

4.2 Lagðar voru fram tvær skýrslur Veitna ohf. – Sýnataka og mælingar skólps. Árleg yfirlitsskýrsla um skólphreinsistöðvar annars vegar fyrir Borgarbyggð utan Borgarness og hins vegar fyrir Akranes, Borgarnes og Kjalarnes fyrir árið 2020.

4.3 Erindi vegna hreinstöðvar á Akranesi.

Lagt fram tölvubréf Gissurar Þórs Ágústssonar sérfræðingi hjá Veitum ohf. dagsett 2. febrúar 2021 þar sem Veitur óska eftir samþykki Heilbrigðiseftirlitsins fyrir að sandhreinsibúnaður verði tekinn úr rekstri í hreinsstöðvum Veitna vegna vandræða í rekstri á þeim en aftur á móti verði sandur hreinsaður upp úr einingunum með hreinsibíl og sandurinn verði eftir sem áður vigtaður og honum fargað í Fíflholti.

Heilbrigðiseftirlitið gaf jákvætt svar með tölvubréfi þann 2. febrúar 2021

5. Leyfi

Starfsleyfi- útgefin af heilbrigðiseftirlitinu

5.1 Lífland ehf. sækir um starfsleyfi fyrir hveitimyllu á Grundartanga með umsókn Rannveigar Hrólfsdóttur dagsett 7. febrúar 2020, með umsókn fylgdi flæðirit af verksmiðju ásamt hættugreiningu Kornax Grundartanga.

Málið hefur verið áður á dagskrá á fundum nefndarinnar þar sem óskað var eftir frekari gögnum.

Fyrir liggur umsögn skipulagnefndar Hvalfjarðarsveitar dagsett 3. nóvember 2020 ásamt umsögn Faxaflóahafna um lóðaumsókn dagsett 17. desember 2020.

Heilbrigðisnefnd telur að ekki sé unnt að afgreiða starfsleyfi fyrir hveitimyllu á Grundartanga þar sem starfsemin samræmist ekki kröfum sem gerðar eru til matvælaframleiðslu með vísun til 24. gr. reglugerðar nr. 852/2004 um hollustuhætti þar sem segir að hæfileg fjarlægð skuli vera milli mannbústaða og matvælafyrirtækja annars vegar og mengandi atvinnustarfsemi hins vegar. Þar sem starfsemin er innan þynningarsvæðis stóriðju sé fjarlægðin ekki ásættanlegt m.t.t. matvælaöryggis. Jafnframt er vísað til 2. gr. b í reglugerð nr. 506/2010 um breytingu á reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti er varða matvæli, þar sem kemur fram að matvælafyrirtæki skulu ekki staðsett nálægt atvinnurekstri sem getur haft mengandi áhrif á starfsemina.

- 5.2 Sylvanine Anton-Scharapenko, Klettsbúð 3, Hellissandi, RAM veitingastaður. Nýtt leyfi. Gildistími 12 ár.
- 5.3 Gunnar Tryggvason, Brimhestar, Brimilsvöllum, Snæfellsbær. Endurnýjað leyfi fyrir gististað. Gildistími 12 ár.
- 5.4 Friðborg ehf., Hamraendum 3, Stykkishólmi. Drög að leyfi auglýst á heimasíðu HeV 13. nóvember til 11. desember 2020. Engar athugasemdir bárust. Endurnýjað leyfi fyrir harðfiskverkun. Gildistími 12 ár.
- 5.5 Grjótið Bistro-Bar ehf, Kirkjubraut 8-10, Akranesi. Nýtt rekstrarleyfi fyrir skemmtistað, kaffihús og veitingastofu ofl. Gildistími 12 ár.
- 5.6 Skeljungur hf, Húsafelli, Borgarbyggð. Drög að leyfi fyrir afgreiðslu eldneytis, auglýst á heimasíðu HeV 17. nóvember til 18. desember 2020. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.
- 5.7 Stjarnan ehf. Subway, Dalbraut 1, Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir veitingastofu/verslun. Gildistími 12 ár.
- 5.8 Skeljungur hf, Smiðjuvöllum 22, Akranesi. Drög að leyfi fyrir afgreiðslu eldneytis, auglýst á heimasíðu HeV 17. nóvember til 16. desember 2020. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.
- 5.9 N1 ehf, Ólafsbraut 57, Ólafsvík. Drög að leyfi fyrir afgreiðslu eldneytis, auglýst á heimasíðu HeV 18. nóvember til 18. desember 2020. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.
- 5.10 Borgarbyggð, Leikskólinn Hnoðraból, Kleppjárnsreykjum. Nýtt leyfi á nýjum stað. Gildistími 12 ár.
- 5.11 Stök ehf, Hárhús Kötlu Stillholt 14, Akranesi. Endurnýjað leyfi fyrir hárgreiðslustofu. Gildistími 12 ár.
- 5.12 Olíuverslun Íslands, Arnarstapa, Snæfellsbæ. Drög að leyfi fyrir afgreiðslu eldneytis auglýst á heimasíðu HeV 19. nóvember til 19. desember 2020. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.

- 5.13** Flamingo company ehf, Stillholt 23, Akranesi. Nýtt leyfi fyrir veitingaverslun. Gildistími til 12 ára.
- 5.14** Heilsusköpun ehf. Laugar Sælingsdal, Dalabyggð. Nýtt leyfi fyrir gististað með veitingum. Gildistími í 1 ár.
- 5.15** Sæúlfur slf. Veiðistaðurinn, Vesturbraut 12A, Búðardal. Endurnýjað leyfi fyrir veitingastað og ísbúð. Gildistími í 12 ár.
- 5.16** Olíuverslun Íslands hf, Katanesvegi 3, Grundartanga. Drög að leyfi fyrir afgreiðslu eldneysis auglýst á heimasíðu HeV frá 7. desember s.l til 8. janúar 2021. Engar athugasemdir bárust. Gildistími til 12 ára.
Heilbrigðisnefnd staðfestir starfsleyfi í liðum 5.2-5.16
- 5.17** Blikkverk sf. Dalbraut 2, Akranesi. Leyfið var auglýst á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins frá 30. október til 2. desember s.l. Engar athugasemdir bárust. Afgreiðslu var frestað á síðasta fundi nefndarinnar.
Heilbrigðisnefnd samþykkir starfsleyfið. Mörk fyrir hávaða frá atvinnustarfsemi á deiliskipulagsreitnum skal vera skv. reglugerð um hávaða fyrir miðsvæði. Gildistími til 12 ára.
- 5.18** Skotfélag Akraness. Bráðabirgðaleyfi rann út 10. september 2020. Fyrir liggur starfleyfisumsókn dagsett 4. mars 2020. Svæðið er opið svæði til sérstakra nota merkt skotsvæði Óss í gildandi Aðalskipulagi Hvalfjarðarsveitar. Deiliskipulag liggur ekki fyrir.
Lögð fram yfirlitsmynd skotsvæðis sem sýnir fjarlægðir við íbúðarhús og reiðvegi. Fyrir liggur minnisblað frá 19. júní 2018 frá Akranesbæ þar sem óánægja íbúa á Ósi koma fram. Einnig liggja fyrir niðurstöður hávaðamælinga sem framkvæmdar voru af fyrirtækinu Trivium í janúar 2019.
Samþykkt að setja starfsleyfi með gildistíma í 4 ár í auglýsingu þar sem hagsmunaaðilum gefst færi á að gera athugasemdir.

Tóbakssöluleyfi

- a. Skeljungur ehf, Kvikk on the go, Skagabraut 43 Akranesi er veitt tóbakssöluleyfi með gildistíma til fjögurra ára.
- b. Skeljungur ehf, Baulunni, Borgarbyggð er veitt tóbakssöluleyfi með gildistíma til fjögurra ára.
- c. Olíuverslun Íslands, Esjubraut 45, Akranesi er veitt tóbakssöluleyfi með gildistíma til fjögurra ára.
- d. Olíuverslun Íslands, Suðurgötu 10, Akranesi er veitt tóbakssöluleyfi með gildistíma til fjögurra ára.

Heilbrigðisnefnd staðfestir ofangreind leyfi


6. 3 Brennuleyfi, bálkestir, flugeldasýningar.

- a. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir brennu á Þórisstöðum Svínadal, Hvalfjarðarsveit
þann 31. desember s.l. Umsækjandi var Jóhann V. Gunnarsson.
- b. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir flugeldasýningu á Akranesi þann 6. janúar 2021.
Umsækjandi var Björgunarfélag Akraness.
- c. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir flugeldasýningu í Borgarnesi þann 9. janúar 2021.
Umsækjandi var Björgunarsveitin Brák.
- a. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir flugeldasýningu í Ólafsvík þann 6. janúar 2021. Umsækjandi var Lionsklúbbur Ólafsvíkur.
- b. Heilbrigðiseftirlitið gaf út leyfi fyrir brennu á Tíðamel við Reykholt, Borgarbyggð þann 9. janúar 2021. Umsækjandi var Ungmennafélag Reykdæla.

Lagt fram

Fundi slitið 18.50

EIGENDAFUNDUR
SORPURÐUNAR VESTURLANDS



Sorpurðun Vesturlands

HALDINN Í FJARFUNDI
1. FEBRÚAR 2021

DAGSKRÁ

HLUTHAFAFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HALDINN Í Í GEGNUM FJARFUND

Mánudagur 1. febrúar 2021

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Skýrsla lögð
3. Framtíðarstefma eigenda Sorpurðunar Vesturlands hf.

FULLTRÚAR HLUTHAFA, STARFSMENN & GESTIR

AKRANES

Sævar Freyr Práinsson, bærarstjóri

BORGARBYGGÐ

Þórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Skúli Guðbjörnsson, sveitarstjórnarfulltrúi
Kristján Gíslason, sveitarstjóri

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Jósef Kjartansson, forseti bærarstjórnar

HELGAFELLSSVEIT

Guðrún Reynisdóttir, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Linda B Pálsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Kristinn Jónasson, bærarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Jakob Björgvin Jakobsson, bærarstjóri

STJÓRN

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður
Karitas Jónsdóttir, stjórnarmaður
Eyjólfur Ingvi Bjarnason, stjórnarmaður
Finnbogi Leifsson, stjórnarmaður
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, stjórnarmaður
Sævar Jónsson, stjórnarmaður
Unnur Þóra Sigurðardóttir, stjórnarmaður

STARFSMENN OG GESTIR

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri
Páll S. Brynjarsson, fundarstjóri
Teitur Gunnarsson, efnaverkfr. frá Mannviti

AÐRIR FULLTRÚAR HLUTHAFA

Haukur Garðarsson, Stykkishólmsbær
Hrafnhildur Hallvarðsd., Stykkishólmsbær
Lárus Á. Hannesson, Stykkishólmsbær
Pétur Davíðsson, Skorradalshreppur
Sigurður Páll Harðarson, Akranesi
Björg Ágústsdóttir, Grundarfirði

FUNDARSETNING

Kristinn Jónasson formaður stjórnar bauð fundarmenn hjartanlega velkomna. Hann stakk upp á Páli Brynjarssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða.

Páll tók við fundarstjórn.

Páll sagði löglega hafi verið boðað til fundarins og teldist hann því löglegur. Framkæmdastjóri héldi utanum kjörbréf. Hann sagði umboð hafa skilað sér inn. Kristinn fór yfir tildrög skýrslunnar og þær gríðarlegu breytingar sem framundan eru í úrgangsmálum. Hann gaf svo fundarstjóra orðið.

1. SKÝRLA LÖGÐ FRAM

Páll kynnti til leika Teit Gunnarsson, ráðgjafa, sem fór yfir niðurstöðu skýrslu og aðgerðaráætlun fyrir Vesturland. Hann fór m.a. yfir:

- Brennsla
- Skiptisamningar við aðra landshluta
- Aukin flokkun
- Gjaldtaka tengd fasteignum
- Sveitarfélög ábyrg fyrir því að ná hvert og eitt sínum markmiðum. Úrgangstölfræði verður því hlutverk sveitarfélaganna og hvert og eitt ábyrgt fyrir sínu svæði.
- Jarðgerð
- Pappír og pappi, óbeytt fyrirkomulag
- Málmar, óbreytt fyrirkomulag.
- Plast, sérsöfnun.
- Gler. Óbreytt til að byrja með. Kann að taka breytingum og þá flutt erlendis til endurvinnslu.
- Textíl, óbreytt fyrirkomulag.
- Raf- og rafeindatæki, óbreytt fyrirkomulag
- Skilagjaldsskildar umbúðir. Óbreytt fyrirkomulag og fleiri flokkar þar inn.

Stefnt á að urðun verði 10% af heildarmagni úrgangs. Til að ná því markmiði þarf að brenna úrgang. Hann ræddi urðun í Fíflholtum m.v. notkun staðarins fyrir Vesturland. Magn Vesturlands yrðu 2000 tonn sem er og lítið til að staðurinn verði rekstrarhæfur. Aukinnar flokkunar er krafist í byggingageiranum. Dýrahræin þarf í framtíðinni að brenna. Þar eru hugsaðir skiptisamningar en eru á ábyrgð sorpsamlaganna að taka við.

Formaður Sorpurðunar Vesturlands hf., Kristinn Jónasson sagði stefnuna mikilvæga. Stjórn hefði fastara land undir fótum með samþykkt sveitarfélaganna.

2. FRAMTÍÐARSTEFNA EIGENDA SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Góð umræða varð á fundinum um skýrslu vinnuhópsins og þá framtíðarsýn sem þar kemur fram.


Mikil umræða varð um brennslu og hvaða möguleikar væru fyrir hendi varðandi brennslu sorps, en í máli Teits hafði komið fram að þrír kostir væru í stöðunni; að byggja brennslu í Fíflholtum fyrir Vesturland, að flytja út sorp og taka þátt í byggingu brennslustöðvar fyrir allt landið. Fram kom í umræðu að reynsla Íslendinga af litlum brennslum væri ekki góð og í raun væri brennslustöðina Kalka á Suðnesjum eina stöðin sem hefði gengið þokkalega. Varðandi útflutning á sorpi kom fram að því fylgir ákveðin óvissa og sum lönd sem hafa tekið á móti sorpi hafa innleitt eða munu innleiða reglugerðir sem munu takmarka innflutning á sorpi eða jafnvel útiloka. Loks var rætt um byggingu stórrar brennslustöðvar á suðvesturhorninu, en nú þegar er hafin skoðun á því hvort raunhæft sé að fara í að byggja upp brennslu á Íslandi. Á næstu mánuðum verður vonandi unnin frumathugun á verkefninu. ReSource, ráðgjafaverkefni vann skýrslu fyrir auðlinda- og umhverfisráðuneytið. Skýrslan sýndi hvaða magn færi í brennslu á Íslandi. Niðurstaðan er um 100.000 tonn. Áætlað er að slík stöð myndi kosta um 30 milljarða og reikna má með að undirbúningur og framkvæmdir myndu taka 6 til 8 ár. Loks kom fram að flest bendi til þess að ekki verði hjá því komist að Íslendingar verði að reisa brennslustöð.

Fram kom að þrátt fyrir aukna flokkun úrgangs muni endurvinnsla ekki kom í stað brennslu, því hluti úrgangs er óendurvinnanlegur. Hins vegar eru mikil tækifæri til þess að draga úr magni úrgangs með aukinni flokkun og þá sérstaklega hjá fyrirtækjum. Nefnt var Blikksmiðja Guðmundar á Akranesi hefði farið í aukna flokkun á úrgangi fyrir tveimur árum og hefðu í kjölfarið náð að helminga það magn sem fer til urðunar. Á höfuðborgarsvæðinu eru aðeins 12% úrgangs frá heimilum, annað kemur frá atvinnulífinu. Á Vesturlandi er talið að heimilisúrgangur sé um 20% af úrgangi. Loks kom fram að mikilvægt er að standa vörð um urðunarstaðinn í Fíflholtum því verðmæti hans er mikið þar eða hann er eini mögulegi urðunarstaðurinn á suðvesturhorninu þar sem hægt verður að urða óvirkan úrgang.

Hringrásarhagkerfið var nefnt, en frumvarp til laga um breytingar á lögum um meðhöndlun úrgangs nr. 55/2003 er nú til umsagnar. Verkefnisstjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga vinnur að ítarlegri umsögn um frumvarpið. Því voru haldnir fundir með sveitarfélögum vegna frumvarpsins í síðust viku. Á þeim fundum kom skýrt fram hjá ráðherra umhverfismála að hvert og eitt sveitarfélag yrði ábyrgt fyrir úrgangsmálum á sínu svæði.

Í lok fundar varð umræða um afgreiðslu skýrslunnar og hvernig ætti að taka tillit til umsagna sveitarfélaganna sem hafa verið sendar til stjórn Sorpurðunar. Kristinn Jónasson formaður lagði til að eigendafundi yrði frestað og starfshópurinn myndi fara yfir þær umsagnir sem borist hafa. Tillaga formanns samþykkt og ákveðið að eigendur kæmu saman að nýju 22 febrúar n.k.

FRAMHALDS- EIGENDAFUNDUR
SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.



Sorpurðun Vesturlands

HALDINN Í FJARFUNDI
22.FEBRÚAR 2021

DAGSKRÁ

HLUTHAFAFUNDUR SORPURÐUNAR VESTURLANDS HALDINN Í Í GEGNUM FJARFUND

Mánudagur 22. febrúar 2021

Dagskrá

1. Fundur settur
2. Skýrsla lögð fram
3. Framtíðarstefma eigenda Sorpurðunar Vesturlands hf.

FULLTRÚAR HLUTHAFA, STARFSMENN & GESTIR

AKRANES

Sævar Freyr Práinsson, bæjarstjóri

BORGARBYGGÐ

Pórdís Sif Sigurðardóttir, sveitarstjóri

DALABYGGÐ

Skúli Guðbjörnsson, sveitarstjórnarfulltrúi

EYJA- OG MIKLAHOLTSHREPPUR

Eggert Kjartansson, oddviti

GRUNDARFJARÐARBÆR

Jósef Kjartansson, forseti bæjarstjórnar

HELGAFELLSSVEIT

Guðrún Reynisdóttir, oddviti

HVALFJARÐARSVEIT

Linda B Pálsdóttir, sveitarstjóri

SKORRADALSHREPPUR

Árni Hjörleifsson, oddviti

SNÆFELLSBÆR

Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

STYKKISHÓLMSBÆR

Jakob Björgvin Jakobsson, bæjarstjóri

STJÓRN

Kristinn Jónasson, stjórnarformaður

Karitas Jónsdóttir, stjórnarmaður

Eyjólfur Ingvi Bjarnason, stjórnarmaður

Finnbogi Leifsson, stjórnarmaður

Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir, stjórnarmaður

Unnur Þóra Sigurðardóttir, stjórnarmaður

STARFSMENN OG GESTIR

Hrefna B. Jónsdóttir, framkvæmdarstjóri

Páll S. Brynjarsson, fundarstjóri

Teitur Gunnarsson, efnaverkfr. frá Mannviti

AÐRIR FULLTRÚAR HLUTHAFA

Pétur Davíðsson, Skorradalshreppur

Björg Ágústsdóttir, Grundarfirði

FUNDARSETNING

Kristinn Jónasson formaður stjórnar bauð fundarmenn hjartanlega velkomna. Hann stakk upp á Páli Brynjarssyni sem fundarstjóra og var það samþykkt samhljóða.

Páll tók við fundarstjórn.

Páll sagði löglega hafi verið boðað til fundarins og teldist hann því löglegur. Framkvæmdastjóri héldi utanum kjörbréf. Hann sagði umboð hafa skilað sér inn. Formaður sagði starfshóps hafa fundað um athugasemdir við skýrsluna og myndi ráðgjafi, Teitur Gunnarsson, fara yfir þær.

1. SKÝRLA LÖGÐ FRAM / BREYTINGAR

Páll Brunjarsson tók við fundarstjórn og kynnti til leika Teit Gunnarsson, ráðgjafa, sem fór yfir innkomnar athugasemdir og hvernig þær hefðu verið afgreiddar af starfshópi.

2. FRAMTÍÐARSTEFNA EIGENDA SORPURÐUNAR VESTURLANDS HF.

Pétur Davíðsson nefndi mynd sem sýnir framtíðarsýn fyrir urðun í Fíflholtum. Framkvæmdastjóri svaraði því til að myndin væri til en ákveðið hefði verið að vinna hana betur. Um er að ræða spá um magnþróun sem er ekki auðvelt að spá fyrir um. Vinna þarf með myndinni góðar skýringar og væri hugmyndin að setja hana sem viðhengi.

Formaður sagist ánægur með vinnu starfshóps og útkomu skýrslunnar. Um er að ræða afurð sem sýnir framtíðarsýn og gott fyrir stjórn að vinna eftir.

Skýrslan samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

Fundargerð 893. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2020, miðvikudaginn 16. desember kl. 13:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Skúli Þór Helgason, Þórdís Lóa Þórhallsdóttir, Gunnar Einarsson, Rakel Óskarsdóttir, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Heiða Björg Hilmisdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Skúli Helgason mætti í hennar stað. Bjarni Jónsson boðaði forföll en varamaður hans hafði ekki tæk á að sitja fundinn. Eypór Laxdal Arnalds boðaði forföll en ekki tókst að boða varamann.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Inga Rún Ólafsdóttir, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 892. fundar - 2009100SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 892. fundar stjórnar sambandsins frá 11. desember 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundi sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Landsþing 2020 - 2009390SA

Rætt ítarlega um framkvæmd landsþings 2020 og þá tillögu sem lögð hefur verið fram og var kynnt á síðasta stjórnarfundi.

Fundi var slitið kl. 14:00

Aldís Hafsteinsdóttir

Skúli Þór Helgason

Þórdís Lóa Þórhallsdóttir

Gunnar Einarsson

Rakel Óskarsdóttir

Kristján Þór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 894. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2021, föstudaginn 29. janúar kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fer hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Aldís Hafsteinsdóttir, Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir, Guðmundur Ari Sigurjónsson, Raket Óskarsdóttir, Bjarni Jónsson, Kristján Þór Magnússon, Jón Björn Hákonarson og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Pórdís Lóa Þórhallsdóttir boðaði forföll og varamaður hennar Dóra Björt Guðjónsdóttir sat fundinn í hennar fjarveru. Eyþór Laxdal Arnalds og Gunnar Einarsson boðuðu forföll. Varamenn þeirra höfðu ekki tók á að sitja fundinn í þeirra fjarveru.

Að auki sátu fundinn Karl Björnsson framkvæmdastjóri og sviðsstjórnarnir Anna G. Björnsdóttir, Guðjón Bragason, Sigurður Ármann Snævarr og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 893. fundar - 2009100SA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 893. fundar stjórnar sambandsins frá 16. desember 2020.

Fundargerðin samþykkt og verður undirrituð á næsta stjórnarfundum sem verður haldinn í húsnæði sambandsins.

2. Rafrænt námskeið fyrir kjörna fulltrúa og starfsfólk sveitarfélaga - 2009030SA

Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins kom inn á fundinn undir þessum lið og gerði grein fyrir verkefninu.

Stjórn þakkaði fyrir góða kynningu og samþykkti að setja fjármagn í verkefnið í fjárhagsáætlun ársins 2021.

3. Fundir Jónsmessunefndar - 2009367SA

Lögð fram fundargerð samstarfsnefndar ríkis og sveitarfélaga - Jónsmessunefndar frá 9. desember 2020.

4. Verkefnisstjórn fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum - 2009015SA

Lagðar fram fundargerðir 58. og 59. fundar verkefnisstjórnar fyrir hagsmunagæslu í úrgangsmálum frá 14. desember 2020 og 13. janúar 2021. Guðjón Bragason gerði grein fyrir fundargerðunum og vinnu við gerð umsagna sambandsins um frumvarp um breytingar á úrgangslöggjöf og stefnu um úrgangsmál. Haldnir hafa verið þrjú kynningarfundir um málin undanfarna daga, í samvinnu við umhverfis- og auðlindaráðuneytið og landshlutasamtök sveitarfélaga. Stjórn sambandsins mun fá send drög að umsögn sambandsins að lokinni umfjöllun í verkefnisstjórn um úrgangsmál.

5. Starfshópur um endurskoðun samþykka sambandsins - 2009578SA

Lögð fram fundargerð 5. fundar starfshóps um endurskoðun samþykka sambandsins frá 26. janúar 2021, ásamt fylgiskjölum. Heiða Björg, formaður starfshópsins, og Guðjón Bragason gerðu grein fyrir fundargerðinni og þeim breytingartillögum sem hafa borist.

Samþykkt að fela starfshópi um endurskoðun samþykka sambandsins að funda með þeim aðilum sem hafa sent inn breytingartillögur og meti hvort ástæða sé til að gera breytingar á þeim tillögum sem kynntar voru fyrir stjórn sambandsins í maí 2019. Starfshópurinn skal skila af sér fyrir næsta stjórnarfund sem verður haldinn 26. febrúar nk.

6. Ársreikningur Sambands íslenskra sveitarfélaga 2020 - 2101029SA

Lögð fram drög að ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

7. Ársreikningur Bakhjarls sambandsins 2020 - 2101042SA

Lögð fram drög að ársreikningi Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2020. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir reikningnum.

Stjórn sambandsins samþykkir að vísa ársreikningi Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2020 til endurskoðunar hjá löggiltum endurskoðanda sambandsins. Afgreiðslu ársreikningsins er frestað til næsta fundar.

8. Fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga 2021 - 2101028SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun sambandsins fyrir árið 2021, ásamt greinargerð. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlun Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021.

9. Fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins 2021 - 2101041SA

Lögð fram tillaga að fjárhagsáætlun Bakhjarls sambandsins fyrir árið 2021. Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri rekstrar- og útgáfusviðs sambandsins gerðu grein fyrir áætluninni.

Stjórn sambandsins samþykkir tillögur að fjárhagsáætlun Bakhjarls Sambands íslenskra sveitarfélaga fyrir árið 2021.

Bjarni Jónsson vék af fundi kl. 13:45.

10. Starfsáætlun stjórnar sambandsins 2021 - 2011018SA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar sambandsins 11. desember 2020, en þá var ákveðið að taka starfsáætlun stjórnar aftur til afgreiðslu á næsta stjórnarfundum.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að starfsáætlun stjórnar 2021.

11. Drög að dagskrá landsþings sambandsins - 2101027SA

Lögð fram drög að dagskrá landsþings sambandsins 2021. Einnig lagt fram bréf sambandsins til allra sveitarstjórna og landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 26. janúar 2021, um boðun XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Samþykkt að starfsmenn haldi áfram að undirbúningi landsþingsins á grundvelli fyrirbyggjandi gagna.

12. Landshlutasamtök sveitarfélaga - staða og hlutverk - 2101001SA

Lögð fram skýrsla um stöðu og hlutverk landshlutasamtaka sveitarfélaga, dags. 1. nóvember 2020.

Stjórnin telur mikilvægt að áfram verði unnið á grundvelli fyrirbyggjandi tillagna í skýrslunni og þá sérstaklega að því að hlutverk landshlutasamtakanna verði gert lögformlega skýrt út frá þeim hlutverkum sem þau nú þegar hafa.

13. Menntamiðja - 2101026SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 11. janúar 2020, um umsókn í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga vegna þátttöku sambandsins í Menntamiðju, ásamt fylgiskjölum.

Stjórn samþykkir að senda umsóknina til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

14. Skil sveitarfélaga á rekstri hjúkrunarheimila - 2101039SA

Lagt fram bréf Matthildar Ásmundardóttur, bæjarstjóra Sveitarfélagsins Hornafjarðar, dags. 17. desember 2020, um samninga um rekstur hjúkrunarheimila við sveitarfélögin Akureyrarbæ, Hornafjörð, Vestmannaeyjabæ og Fjarðabyggð. Framkvæmdastjóri skýrði frá viðræðum viðkomandi sveitarfélaga við Sjúkratryggingar Íslands.

Stjórnin beinir því til heilbrigðisráðherra og Sjúkratrygginga Íslands að standa þannig að yfirtöku á rekstri viðkomandi hjúkrunarheimila að allri óvissu verði eytt sem allra fyrst. Gildi það sérstaklega gagnvart þeim sveitarfélögum sem í hlut eiga, íbúum og ekki síst gagnvart starfsfólkinu, sem á rétt til að njóta öryggis og fyrirsjáanleika í starfsumhverfi sínu. Stjórnin hvetur Sjúkratryggingar Íslands til að móta nú þegar skýrt og gegnsætt ferli við yfirtöku á starfsemi sem sveitarfélög vilja skila af sér vegna vanfjármögnunar af ríkisins hálfu og lagaleg ábyrgð hvílir á ríkinu að sinna.

15. Fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlögum - 2009723SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. janúar 2021, um fyrirhugaðar breytingar á barnaverndarlögum.

Stjórn sambandsins telur mikilvægt að þær tillögur um breytta stjórnsýslu barnaverndarmála sem lýst er í minnisblaði lögfræði- og velferðarsviðs fái vandaða kynningu og hvetur sveitarstjórnir til að taka afstöðu til þeirra. Jafnframt er starfsfólki falið að undirbúa, í samráði við ráðuneytið, kynningarfund um málið.

16. Krafa frá Reykjavíkurborg um greiðslur úr Jöfnunarsjóði - 2009370SA

Lagt fram bréf Dags B. Eggertssonar, borgarstjóra í Reykjavík, dags. 19. janúar 2021, vegna bókkunar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 11. desember 2020, ásamt fylgiskjali. Einnig lagt fram bréf sambandsins til borgarstjórans í Reykjavík, dags. 17. desember 2020, um málið.

Stjórnin þakkar greinargott svar frá borginni og ítrekar beiðni um svar frá samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu um leið og stjórnin ítrekar þá afstöðu sína að ekki má undir nokkrum kringumstæðum láta lyktir þessa máls bitna fjárhagslega á Jöfnunarsjóði sveitarfélaga með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á sveitarfélögin.

17. Ályktun Félags grunnskólakennara - 2101060SA

Lögð fram til ályktun frá formanni skólamálanefndar Félags grunnskólakennara, dags. 18. janúar 2021, um stöðu drengja í íslensku menntakerfi.

Ályktuninni vísað til umfjöllunar í fræðslumálanefnd sambandsins. Guðmundur Ari Sigurjónsson, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Heiða Björg Hilmisdóttir lögðu fram eftirfarandi bókun: Við þökkum skólamálanefnd Félags grunnskólakennara fyrir þessa ályktun vegna stöðu drengja í íslensku menntakerfi. Við leggjum til að Samband íslenskra sveitarfélaga taki virkan þátt í þessari vinnu og að við veltum öllum steinum hvernig hægt er að bæta skólakerfið svo að það nái jafnt til allra óháð kyni, stétt eða stöðu. Vísbendingar um aukna vanlíðan stúlkna er einnig verulegt áhyggjuefni. Í því ljósi leggjum við til að sambandið taki aftur upp viðræður við ríkið um að heimila sveitarfélögum að taka að sér rekstur framhaldsskóla.

Það kom meðal annars fram í helstu umræðupunktum í skýrslu Skólapingis sveitarfélaga 2019 að: „Sífelld togstreita er um fjármagnið milli ríkis og sveitarfélaga þar sem sveitarfélögin bera ábyrgð á leik- og grunnskóla en ríki á framhaldsskóla. Sú togstreita takmarkar skólaþróun og aukna samfellu milli skólastiga. Þrátt fyrir aðgreindan rekstur eiga ríki og sveitarfélög að geta í sameiningu sett fram stefnu og unnið að breytingum á skólakerfinu. Við missum yfirsýn yfir ungmenni þegar þau ná ákveðnum aldri og fara milli skólastiga, þess vegna er mikilvægt að þessi fyrstu 3 skólastig séu á einni hendi og úr verði samfelt, heildstætt skólakerfi fyrir börn til átján ára.“

Allt of mörg dæmi eru um að börn sem hafa náð ágætis árangri í grunnskólum með stuðningi í skólanum og samstarfi skólans við foreldra, félagsþjónustu- og tólmstundasvið sveitarfélaganna flosni upp úr námi þegar þau flytjast yfir í framhaldsskóla. Þrátt fyrir mikla fagmennsku og velvild framhaldsskólakennara þá eru skólarnir eyld og skortur er á stuðningi og innbyggðum hvötum til að halda

inni nemendum sem að ekki finna sig í náminu. Þegar barn flosnar upp úr námi lendir það í fanginu á foreldrum og sveitarfélögum sem bera ábyrgð á þeim til 18 ára aldurs. Það væri áhugaverð tilraun að heimila sveitarfélögum að taka að sér rekstur framhaldsskóla, auka þannig yfirsýn og virkja það faglega bakland sem sveitarfélögin búa yfir til sporna gegn brottfalli, bæta líða og að styðja við nám barna til 18 ára aldurs.

18. Samstarf við Vinnumálastofnun um atvinnumál fatlaðs fólks 2020-2025 - 2101072SA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 26. janúar 2021, um tilflutning fjármuna frá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga til Vinnumálastofnunar vegna atvinnumála fatlaðs fólks. Einnig lagt fram samkomulag um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks, dags. 10. desember 2018, viljayfirlýsing um framtíðarskipan atvinnumála fatlaðs fólks, dags. 28. september 2015, ásamt fylgiskjöllum, og drög að viðauka við samkomulag velferðarráðuneytisins, samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, Vinnumálastofnunar og Sambands Íslenskra sveitarfélaga um millifærslu fjármuna vegna atvinnumála fatlaðs fólks sem undirritað var þann 10. desember 2018.

Stjórn samþykkir samkomulagið fyrir sitt leyti enda samþykki ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga það einnig.

19. Fundargerð XXXV. landsþings sambandsins - 2009390SA

Lögð fram fundargerð XXXV. landsþings Sambands Íslenskra sveitarfélaga frá 18. desember 2020. Einnig lagður fram tölvupóstur, dags. 28. janúar 2021, frá starfshópi sem hefur það verkefni að stofna samtök minni sveitarfélaga þar sem óskað er eftir fundi með stjórn.

Stjórn felur starfsfólki að boða fund með starfshópnum.

20. Tilnefning í starfshóp um málefni Brunamálaskólans - 2012011SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 17. desember 2020, þar sem Stefán Vagn Stefánsson, forseti sveitarstjórnar Sveitarfélagsins Skagafjarðar, er tilnefndur sem aðalmaður í starfshóp um málefni Brunamálaskólans, og Berglind Eva Ólafsdóttir, sérfræðingur á kjarasviði sambandsins, til vara.

21. Tilnefning í fagråd um umferðarmál - 2012022SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 22. desember 2020, þar sem Þorsteinn R. Hermannsson, samgöngustjóri Reykjavíkurborgar, er tilnefndur til áframhaldandi setu sem aðalmaður í fagråd um umferðarmál.

22. Tilnefning í samráðsnefnd um samræmda móttöku flóttafólks - 2012037SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 22. desember 2020, þar sem Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, er tilnefnd sem aðalmaður í samráðsnefnd um samræmda móttöku flóttafólks, og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, til vara.

23. Tilnefning í stýrihóp um þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu tómstundastarfi - 2012032SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 22. desember 2020, þar sem María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúin á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um þátttöku barna á efnaminni heimilum í skipulögðu tómstundastarfi.

24. Tilnefning í safnaráð - 2009701SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 30. desember 2020, þar sem Inga Lára Baldvinsdóttir, cand. mag., er tilnefnd sem aðalmaður í safnaráð, og Anna Guðrún Björnsdóttir, sviðsstjóri þróunar- og alþjóðasviðs sambandsins, til vara.

25. Tilnefning í stýrihóp til að halda utan um framgang þeirra aðgerða sem starfshópur um geðrækt í skólum skilaði af sér - 2011041SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til heilbrigðisráðuneytisins, dags. 30. desember 2020, þar sem Þórður Kristjánsson, sérfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, eru tilnefnd í stýrihóp til að halda utan um framgang þeirra aðgerða sem starfshópur um geðrækt í skólum skilaði af sér. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

26. Tilnefning í starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir - 2012048SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til félagsmálaráðuneytisins, dags. 30. desember 2020, þar sem Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Aðalbjörg Traustadóttir, skrifstofustjóri á skrifstofu um málefni fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg, eru tilnefnd sem aðalmenn í starfshóp um heildarendurskoðun laga nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og María Ingibjörg Kristjánsdóttir, félagsþjónustufulltrúi á lögfræði- og velferðarsviði sambandsins, og Arne Friðrik Karlsson, forstöðumaður skrifstofu um málefni fatlaðs fólks hjá Reykjavíkurborg, til vara.

27. Tilnefning í starfshóp um Höfuðborgarstefnu - 2011005SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 30. desember 2020, þar sem Gauti Jóhannesson, forseti sveitarstjórnar Múlaþings, og Arna Lára Jónsdóttir, bæjarfulltrúi í Ísafjarðarbæ, eru tilnefnd í starfshóp um Höfuðborgarstefnu. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

28. Tilnefning í almannavarna- og öryggismálaráð - 2101043SA

Lagt fram til kynningar bréf sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 20. janúar 2021, þar sem Karl Björnsson, framkvæmdastjóri sambandsins, og Regína Ásvaldsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs Reykjavíkurborgar, eru tilnefnd í almannavarna- og öryggismálaráð.

29. Umsögn um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030 - 2011045SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis, dags. 10. desember 2020, um tillögu til þingsályktunar um menntastefnu 2020-2030, 278. mál.

30. Umsögn um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun - 2011058SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til atvinnuveganefndar Alþingis, dags. 11. desember 2020, um frumvarp til laga um opinberan stuðning við nýsköpun, 322. mál.

31. Umsögn um drög að reglugerð um vinnustaðanám - 2012036SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til mennta- og menningarmálaráðuneytisins, dags. 17. desember 2020, um drög að reglugerð um vinnustaðanám, mál nr. S-261/2020.

32. Umsögn um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum - markmið, áhættumat, sektir o.fl. - 2011054SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 30. desember 2020, um frumvarp til laga um varnir gegn snjóflóðum og skriðuföllum (markmið, áhættumat, sektir o.fl.), 311. mál.

33. Umsögn um drög að frumvarpi til laga um brottfall ýmissa laga - 2101007SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 6. janúar 2021, um drög að frumvarpi til laga um brottfall ýmissa laga, mál nr. S-272/2020.

34. Umsögn um drög að frumvarpi um breytingar á ýmsum lögum vegna áhrifa kórónaveirufaldursins á sveitarfélög - 2101008SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 7. janúar 2021, um drög að frumvarpi til laga um breytingu á ýmsum lögum tengdum málefnum sveitarfélaga (COVID-19 og sveitarfélög).

35. Umsögn um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026 - 2011026SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til skipulagsstofnunar, dags. 8. janúar 2021, um drög að viðbótum við landsskipulagsstefnu 2015-2026.

36. Umsögn um breytingar á stjórnýslulögum - starfshættir kærustjórnvalda - 2101020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 8. janúar 2021, um frumvarp til laga um breytingu á stjórnýslulögum, nr. 37/1993 (Endurskoðun VII. kafla o.fl.), mál nr. S-273/2020.

37. Umsögn um drög að reglum vegna styrkveitinga til eflingar hringrásarhagkerfisins með grænni nýsköpun - 2101023SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 12. janúar 2021, um drög að reglum vegna styrkveitinga til eflingar hringrásarhagkerfisins með grænni nýsköpun, mál nr. S-276/2020.

38. Umsögn um frumvarp til laga um kosningalög - 2101025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis, dags. 20. janúar 2021, um frumvarp til laga um kosningalög, 339. mál.

39. Umsögn um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 - byggingastarfsemi, almenningsamgöngur o.fl. - 2101053SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til fjármála- og efnahagsráðuneytisins, dags. 20. janúar 2021, um áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um virðisaukaskatt, nr. 50/1988 (byggingastarfsemi, almenningsamgöngur o.fl.), mál nr. S-1/2021.

40. Umsögn um breytingar á stjórnýslulögum vegna starfshátta kærustjórnvalda - 2101020SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til forsætisráðuneytisins, dags. 22. janúar 2021, um breytingar á stjórnýslulögum vegna starfshátta kærustjórnvalda, mál nr. S-7/2021.

41. Umsögn um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna - 2101061SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 25. janúar 2021, um frumvarp til laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna, 354. mál.

42. Umsögn um grænbók um byggðamál - 2011055SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 25. janúar 2021, um grænbók um byggðamál, mál nr. S-274/2020.

Aldís Hafsteinsdóttir vék af fundi kl. 15:50 og Heiða Björg tók við stjórn fundarins í hennar fjarveru.

43. Umsögn um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð - 2012025SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis, dags. 25. janúar 2021, um frumvarp til laga um Hálendisþjóðgarð, 369. mál.

Kristján Þór Magnússon, Heiða Björg Hilmisdóttir, Dóra Björt Guðjónsdóttir og Guðmundur Ari Sigurjónsson lögðu fram eftirfarandi bókun: Undirrituð geta ekki að öllu leyti tekið undir umsögn Sambandsins eins og hún er lögð fram. Það felast ýmis tækifæri í formun hálendisþjóðgarðs en við teljum það lykilatríði að breið sátt ríki um lagafrumvarpið á sveitarstjórnarstiginu þegar endanlegt frumvarp um málið verður lagt fram til samþykktar á alþingi. Undirrituð hvetja til þess að í meðförum þingsins verði leitað allra leiða til að ná þverpólískri samstöðu um málið eins og starfshópur um miðhálendisþjóðgarð lagði upp með í skýrslu sinni. Málið sem slíkt er tímabært og ávinningur af því að skýra og samræma áralagið við stjórnun, verndun og sjálfbæra nýtingu á miðhálendi Íslands.

Bjarni Jónsson lagði fram eftirfarandi bókun við þennan lið áður en hann vék af fundi: Sveitarfélögin í landinu hafa almennt staðið sig vel og lagt mikla áherslu á sjálfbæra nýtingu náttúruauðlinda, náttúruvernd og varðveislu hefðbundinna landnytja, ekki síst á hálendinu og mikilvægi þess að nærsamfélagið sé þar í lykilhlutverki. Miðhálendisþjóðgarður sem er í stjórnarsáttmála núverandi ríkisstjórnar stuðlar að náttúruvernd á einstöku svæði sem geymir fágætt lífríki, vistgerðir og sérstæðar jarðmyndanir. Þjóðgarðurinn skapar störf bæði í þjónustu og landvörslu sem brýnt er tryggja að verði í heimabyggð. Mikilvægt er að unnið verði náið með heimamönnum í öllu ferlinu og hagsmuna heimafólks og sérstaklega bænda gætt í hvívetna. Þannig fæst góður upptaktur í farsælt samstarf stjórnvalda og sveitarfélaganna um hálendisþjóðgarð þegar af honum verður.

44. Umsögn um frumvörp til laga um Barna- og fjölskyldustofu og Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála - 2101055SA

Lögð fram til kynningar umsögn sambandsins til velferðarnefndar Alþingis, dags. 26. janúar 2021, um frumvarp til laga um Barna- og fjölskyldustofu (BFS), 355. mál og frumvarp til laga um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála (GEV), 356. mál.

45. Endurgreiðsla ríkisins vegna 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga - 2010020SA

Lagt fram til kynningar minnisblað sambandsins til fjárlaganefndar Alþingis, dags. 16. desember 2020, um endurgreiðslu ríkisins vegna 15. gr. laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga (07-999-110).

46. Starfshópur til að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki sem framleiða og flytja orku - 2009674SA

Lagt fram til kynningar bréf Samtaka orkusveitarfélaga og Sambands íslenskra sveitarfélaga til samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytisins, dags. 13. nóvember 2020, um innlegg í vinnu starfshóps sem falið var að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki til að framleiða og flytja raforku.

Stjórn sambandsins leggur þunga áherslu á að haldið verði áfram að finna leiðir til skattlagningar á mannvirki til framleiðslu og flutnings raforku.

47. Greinargerð frá Brussel-skrifstofu - 2009320SA

Lögð fram til kynningar greinargerð forstöðumanns Brussel-skrifstofu sambandsins, dags. í janúar 2021, um helstu mál á vettvangi ESB og EFTA 2021.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir greinargóða skýrslu.

48. Skýrsla um heilsueflingu aldraðra - 2101070SA

Lögð fram til kynningar skýrsla starfshóps um heilsueflingu aldraðra, dags. 14. janúar 2021.

Stjórn sambandsins þakkar fyrir góða skýrslu og leggur til að hið fyrsta verði unnið að því að innleiða þær tillögur sem þar koma fram enda verði fjármögnun þeirra tryggð. Gert verði sérstakt samkomulag milli ríkis og sveitarfélaga þar sem horft verði til þess fjárhagslega ábata sem fylgir innleiðingunni og honum skipt á sanngjarnan hátt milli ríkis og sveitarfélaga.

Stjórn sambandsins fordæmir árás á bifreið borgarstjóra og húsnæði stjórnsmálaflokka. Á Íslandi eigum við að njóta þess að búa í öruggu og öfgalausum samfélagi. Árásir eins og þessar eru ekki bara árásir á fólk heldur líka lýðræðið og það getum við aldrei liðið hér á landi. Stjórnin beinir því til ráðuneyti sveitarstjórnarmála að gerð verði hliðstæð könnun á stöðu þessara mála og gerðar hafa verið á Norðurlöndum í tengslum við 8. tl. þál. þingsályktunar um stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga um starfsaðstæður kjörinna fulltrúa.

Fundi var slitið kl. 16:05

Aldís Hafsteinsdóttir

Heiða Björg Hilmisdóttir

Dóra Björt Guðjónsdóttir

Guðmundur Ari Sigurjónsson

Rakel Óskarsdóttir

Bjarni Jónsson

Kristján Pór Magnússon

Jón Björn Hákonarson

Ásgerður Kristín Gylfadóttir

framkvæmdastjóri

ritari

Fundargerð 431. fundar

stjórnar Hafnasambands Íslands

Árið 2021, föstudaginn 22. janúar kl. 11:30 kom stjórn Hafnasambands Íslands saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Lúðvík Geirsson, Eydís Ásbjörnsdóttir, Guðmundur M Kristjánsson, Hanna Björg Konráðsdóttir, Magnús Þór Ásmundsson, Pétur Ólafsson, Rebekka Hilmarsdóttir, Alexandra Jóhannesdóttir, Björn Arnaldsson og Ólafur Þór Snorrason.

Að auki sat fundinn: Valur Rafn Halldórsson fundarritari og Bryndís Gunnlaugsdóttir, lögfræðingur Sambands íslenskra sveitarfélaga, sem sat fundin undir lið 1 og 2.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

Hanna Björg Konráðsdóttir komin inn á fundinn kl. 12:00.

1. Úrvinnslusjóður - veiðafærasamningur við SFS - 2012002HA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2020. Bryndís Gunnlaugsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála.

Stjórn Hafnasambands Íslands þakkaði Bryndísi kærlega fyrir góða og skýra kynningu.

2. Frumvarp til laga um breytingu á hafnalögum - yfirferð á stöðu mála - 2011001HA

Lagt fram minnisblað lögfræði- og velferðarsviðs sambandsins, dags. 22. janúar 2020, um stöðu mála. Bryndís Gunnlaugsdóttir gerði grein fyrir stöðu mála.

Formanni falið að fylgja málinu eftir.

Bryndís Gunnlaugsdóttir vék af fundi kl. 12:30.

3. Fundargerð 430. fundar - 2009155HA

Lögð fram til staðfestingar fundargerð 430. fundar stjórnar hafnasambandsins frá 11. desember 2020.

Ábending kom að rangt væri farið með fulltrúa í starfshóp um hafnafund 2021 þar sem Eydís er tvítalin. Það rétta er að Pétur Ólafsson á að vera fulltrúi ásamt Eydísi og Lúðvík. Að öðru leyti er fundargerðin staðfest og verður undirrituð á næsta viðverufundi.

4. Verklag í kringum tjón í höfnum - 2010002HA

Tekið fyrir að nýju, áður á dagskrá stjórnar 19. október 2020, en þá var starfsmanni falið að skoða málið. Einnig lagður fram tölvupóstur Vátryggingafélags Íslands hf., dags. 28. október 2020, um leiðbeinandi reglur vegna tilkynningar á tjónum vegna ásiglingar báta á hafnarmannvirki.

Samþykkt að vinna frekar í málinu og taka þetta málefni til umræðu á hafnafundi í maí.

Hanna Björg Konráðsdóttir vék af fundi og sat ekki fundinn undir lið 5.

5. Tengigjald við tengingu hafna - 2010001HA

Farið verður yfir stöðu mála vegna tengigjalds við rafmagnstengingu hafna.

6. Samráð Fiskistofu og Hafnasambands Íslands - 2011001HA

Lagt fram bréf Fiskistofu, dags. 17. desember 2020, þar sem óskað er eftir fundi með forsvarsmönnum Hafnasambands Íslands um framkvæmd samstarfs stofnunarinnar við hafnasambandið.

7. Dagskrá hafnafundar - 2101001HA

Kynnt verða drög að dagskrá hafnafundar 2021.

Fundi var slitið kl. 13:10

Lúðvík Geirsson

Eydís Ásbjörnsdóttir

Guðmundur M Kristjánsson

Hanna Björg Konráðsdóttir

Magnús Þór Ásmundsson

Pétur Ólafsson

Rebekka Hilmarsdóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Björn Arnaldsson

Ólafur Þór Snorrason

Valur Rafn Halldórsson

Kristinn Jónasson

From: Valur Rafn Halldórsson <valur.rafn.halldorsson@samband.is>
Sent: þriðjudagur, 26. janúar 2021 11:56
To: Valur Rafn Halldórsson
Subject: Boðun XXXVI. landsþings sambandsins
Attachments: Boðun XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga.pdf

Til allra sveitarfélaga og landshlutasamtaka sveitarfélaga,

26. janúar 2021.

Samkvæmt 7. gr. samþykkt Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXVI. landsþings sambandsins sem haldið verður 26. mars nk.

Undirbúningur landsþings miðar að því að það verði haldið á Grand hóteli í Reykjavík en ef aðstæður leyfa það ekki verður það rafrænt sama dag. Nánari upplýsingar um framkvæmd verður send út þegar nær dregur.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykkt sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 15. mars 2021.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Framangreint tilkynnings hér með.

Með kveðju / best regards

VALUR RAFN HALLDÓRSSON
SVIÐSSTJÓRI / DIRECTOR


rekstrar- og útgáfusvið / secretariat and communication



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
ICELANDIC ASSOCIATION OF LOCAL AUTHORITIES
DET ISLANDSKE KOMMUNEFORBUND

Borgartún 30 | Pósthólf 8100 | 128 REYKJAVÍK | Sími 515 4915 | 868 1895
www.samband.is | samband@samband.is

Vinsamlega athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem tölvupósturinn er stílaður á og gætu innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafi þú fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans biðjum við þig að fara eftir 9. mgr. 47. gr. laga nr. 81/2003 um fjarskipti og gæta fyllsta trúnaðar og tilkynna okkur að þau hafi ranglega borist þér.



SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Til allra sveitarstjórna og
landshlutasamtaka sveitarfélaga

Reykjavík 26. janúar 2021

2101027SA VRH
Málalykill: 00.03

Efni: Boðun XXXVI. landsþings Sambands íslenskra sveitarfélaga

Samkvæmt 7. gr. samþykktu Sambands íslenskra sveitarfélaga eru landsþingsfulltrúar sveitarfélaganna, formenn og framkvæmdastjórar landshlutasamtaka sveitarfélaga og framkvæmdastjórar sveitarfélaga, þ.e. sveitar- og bæjarstjórar, hér með boðaðir til XXXVI. landsþings sambandsins sem haldið verður 26. mars 2021.

Undirbúningur landsþings miðar að því að það verði haldið á Grand hóteli í Reykjavík en ef aðstæður leyfa það ekki verður það rafrænt sama dag. Nánari upplýsingar um framkvæmd verður send út þegar nær dregur.

Sveitarstjórnir kjósa fulltrúa á landsþing sambandsins að afloknum almennum sveitarstjórnarkosningum til fjögurra ára og gildir kosningin út kjörtímabilið, sbr. 5. gr. samþykktu sambandsins. Hafi orðið breytingar hjá einstökum sveitarfélögum er þess óskað að ný kjörbréf verði send skrifstofu sambandsins í síðasta lagi 15. mars 2021.

Landsþingsfulltrúar verða boðaðir til þingsins með sérstöku bréfi með dagskrá landsþingsins og gögnum. Þess er óskað að landsþingsfulltrúum verði kynnt efni þessa bréfs. Skráning fer fram á vef sambandsins þegar nær dregur landsþingi.

Virðingarfyllt

SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri



Borgarnesi 01.03 2021

Til sveitarfélaga á Vesturlandi

Efni; Aðalfundarboð

Hér með er boðað til aðalfundar Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi. Fundurinn fer fram á Hótel Hamri, Borgarnesi miðvikudaginn 24 mars 2021. Sama dag verða einnig aðalfundir Starfsendurhæfingar Vesturlands, Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands, Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands.

Dagskrá miðvikudaginn 24 mars verður sem hér segir:

Kl.09.30	Aðalfundur Starfsendurhæfingar Vesturlands
Kl.10.15	Aðalfundur Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands
Kl.11.15	Aðalfundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands
Kl.12.15	Hádegisverður
Kl.13.00	Aðalfundur Sorpurðunar Vesturlands
Kl.14.00	Aðalfundur Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi


Eftirtaldir dagskrárliðir verða teknir fyrir á aðalfundi SSV samkvæmt lögum SSV;

- Skýrsla stjórnar SSV um starfsemi liðins árs.
- Ársreikningur SSV, ásamt skýrslu endurskoðanda
- Ákvörðun um laun og þóknun til stjórnar og nefnda.
- Kosning endurskoðanda.
- Önnur mál löglega fram borin.

Seturétt á aðalfundi SSV eiga fulltrúar sveitarfélaganna á Vesturlandi sem kosnir eru fulltrúar á aðalfund SSV. Nánar er kveðið á um kjör fulltrúa á aðalfund í 5. gr. laga SSV. Ársreikningur SSV ásamt ársskýrslu fyrir árið 2020 verða send sveitarfélögunum fyrir aðalfundinn. Vakin er athygli á því að á Haustþingi SSV í október 2020 var samþykkt fjárhags- og starfsáætlun fyrir árið 2021.

Fulltrúar á aðalfundi SSV hafa jafnframt seturétt á öðrum aðalfundum sem fram fara þann dag. Rétt er að geta þess að sveitarfélögin þurfa að skila inn umboði um hver fer með atkvæðisrétt fyrir þeirra hönd á fundum Heilbrigðisnefndar Vesturlands og Sorpurðunar Vesturlands. Á fundi Starfsendurhæfingar Vesturlands fer formaður SSV með

atkvæðisréttinn fyrir hönd sveitarfélaganna. Allir fulltrúar sem sitja fund
Símenntunarmiðstöðvar Vesturlands hafa atkvæðisrétt

Virðingarfyllt


Páll S. Brynjarsson
Framkvæmdastjóri SSV

Lilja Ólafardóttir

From: ragvig <ragvig@simnet.is>
Sent: þriðjudagur, 23. febrúar 2021 15:38
To: Lilja Ólafardóttir
Subject: brúin við Hvalsá
Attachments: 20210223_142841.jpg

Sæl Lilja,

Fyrir hönd Soroptimistasklúbb Snæfellsness langar mig að fara fram á við Snæfellsbæ að gera við brúna. En klúbburinn lét setja þennan bekk sem er nálægt félagsheimilinu Klifi til minningar um Ottó Árnason. Viltu áframsenda til bæjarstjórnar?

Bestu kveðju

Ragnheiður

Sent úr Galaxy



Hellissandur 24.02.2021

Við hjá Sónarnefnd Ingjaldshólskirkju höfum hug á að malbika á Ingjaldshóli nú í sumar. Kirkjan á Ingjaldshóli hefur notið mikilla vinsælda hvað varðar umhverfi og útsýni og mikil umferð sem því fylgir. Nú þegar hafa farið fram efnisskipti á öllu því sem við höfum hug á að malbika eitthvað lítilsháttar þarf af mól til þess að taka þetta rétt. Þar sem miklar framkvæmdir eru um að ræða viljum við leita til Snæfellsbæjar með aðkomu að þessu með okkur.

Með von um jákvæð viðbrögð kirkjuni til heilla og Snæfellsbæ til sóma.

Virðingarfylst

Fh. Sónarnefndar Ingjaldshóls kirkju

Hafþór S. Svansson

Mieja

← + ▢ + X

Lengd Svæði Hlutfsa

4	114 m ²
3	687 m ²
2	625 m ²
1	445 m ²



Bæjarstjórn Snæfellsbæjar
Klettsbúð 4
360 Snæfellsbæ

25. febrúar 2021, Snæfellsbæ

Ég undirritaður, Davíð Viðarsson kt. 120179-3819 segi hér með upp störfum sem forstöðumaður Tækndeildar Snæfellsbæjar.

Undirritaður óskar eftir að uppsagnarfrestur verðir 2 –2,5 mánuður og samkvæmt þeirri ósk verði áætluð starfslok á bilinu 30. apríl – 14. maí 2021.

Ég þakka innilega fyrir tækifærið og traustið að hafa fengið að gegna starfi forstöðumanns Tækndeildar Snæfellsbæjar í næstum 6 ár. Það hefur verið mér sönn ánægja að vinna með starfsfólki og íbúum Snæfellsbæjar. Ég óska ykkur velfarnaðar og bjarrar framtíðar í Snæfellsbæ með þökk fyrir gott samstarf.

Virðingarfyllst,



Davíð Viðarsson

Snæfellsbær


Kristinn Jónasson

360 Snæfellsbær

Snæfellsbær 25.02.2021

Ég undirritað, Ingigerður Stefánsdóttir kt.1410635619, segi hér með upp störfum sem leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar. Samningsbundinn uppsagnarfrestur minn hjá Snæfellsbæ eru 3 mánuðir, bundinn við mánaðarmót, og eru áætluð starfslok því þann þriðjudaginn 1. júní 2021 n.k.

Virðingarfyllst,



Ingigerður Stefánsdóttir

Leikskólastjóri leikskóla Snæfellsbæjar

Móttekið f.h. Snæfellsbæjar

Reglur um skólaakstur í dreifbýli á skólasvæði Grunnskóla Snæfellsbæjar

1. gr.

Gildissvið og orðskýringar

Reglur þessar eru settar með vísan til 1. mgr. 3. gr. reglugerðar um skólaakstur í grunnskóla nr. 656/2009 með síðari breytingum. Þær taka til skipulags skólaaksturs milli heimilis og grunnskóla í dreifbýli.

Með skólaakstri er í reglum þessum átt við akstur á milli heimilis og grunnskóla innan skólahverfis. Heimili í reglum þessum merkir skráð lögheimili nemanda eða annar staður þar sem nemandi hefur fasta búsetu.

2. gr.

Ábyrgð

Snæfellsbær ber kostnað og ábyrgð á öryggi og velferð nemenda í skólaakstri og að uppfylltar séu kröfur laga og reglugerða um umferðaröryggi.

3. gr.

Fyrirkomulag skólaaksturs

Daglegur skólaakstur er skipulagður samkvæmt skólaakstursáætlun sem skólastjóri vinnur í samráði við deildarstjóra í samræmi við nemendafjölda, kennsluskipan og aðrar þær þarfir nemenda fyrir akstur sem samkomulag er um að uppfylla. Skólastjóri leggur fram áætlun um skólaakstur við upphaf hvers skólaárs þar sem fram koma upplýsingar um fjölda farþega, akstursleiðir, tímasetningar og fjölda akstursdaga á skólaárinu. Skipulagi skólaaksturs verður að öllu jöfnu ekki breytt innan skólaárs nema til komi fjölgun/fækkun grunnskólabarna sem nýta skólaakstur. Áætlunina skal kynna skólaráði grunnskólans sbr. 8. gr. laga nr. 91/2008 og skal hún vera aðgengileg íbúum á heimasíðu grunnskólans.

4. gr.

Öryggi og búnaður skólabifreiðar

Bifreiðs, sem notuð er í skólaakstri, skal uppfylla skilyrði til fólksflutninga samkvæmt lögum þar um, reglugerðum og settum reglum um öryggi farþega, gerð, búnað og notkun öryggis- og verndarbúnaðar og merkingu bifreiða sem í gildi eru á hverjum tíma. Í bifreiðum sem notaðar eru í skólaakstri skal vera fjarskiptabúnaður.

Bifreiðastjóri leggur mat á hvort aðstæður séu með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur. Tilkynna ber um slíkar breytingar án tafar til skólans.

5. gr.

Um skipulag skólaaksturs

Snæfellsbær skipuleggur skólaakstur í dreifbýli þar sem nemendur eiga lögheimili og útvegir viðeigandi akstursþjónustu. Ekki er greitt fyrir skólaakstur þeirra barna sem hafa lögheimili innan við 1,5 km frá skóla. Greiðslur fyrir skólaakstur frá lögheimili að sérleiðum hefjast eftir 1,5 km frá lögheimili. Eftir því sem við á fylgja foreldrar/forsjármenn börnum sínum að bíl og taka á mótí þeim eftir skóla.

Greitt er fyrir ekna kílómetra og hefst hver akstursleið þegar fyrsti nemandi kemur í bifreiðina og lýkur þegar síðasti nemandi fer úr bifreiðinni. Ekki er greitt fyrir annan akstur bílstjóra, s.s. að og frá heimili.

Skólaakstur fellur niður þegar skóli starfar ekki og koma þá engar greiðslur fyrir þann tíma. Bifreiðastjóri skal kappkosta að gera hverja ferð sem þægilegasta fyrir farþega sína og halda áætlun eins og kostur er. Skólastjóri eða deildarstjóri tilkynnir bifreiðastjóra um frávik frá venjubundinni ferðatilhögun og/eða tímasetningu jafnskjótt og slíkar ákvarðanir liggja fyrir. Foreldrar/forsjármenn skulu láta bifreiðastjóra vita eins fljótt og hægt er ef þeir meta það svo að þeir vilji ekki senda börnin af stað vegna veðurs, frís eða forfalla.

Ekki er heimilt að taka aðra farþega í bílinn en grunnskólanemendur nema með sérstöku samþykki skólastjóra.

6. gr.

Bifreiðastjóri

Snæfellsbær semur við þar til bærar verktaka um framkvæmd skólaaksturs. Skólastjóri er yfirmaður bifreiðastjóra að því leyti sem það varðar daglegt fyrirkomulag aksturs og umsjón nemenda í skólaakstri. Bifreiðastjóri skólabifreiða skal hafa aukin ökuréttindi og hafa sótt skyndihjálparnámskeið og önnur þau námskeið sem sérstaklega eru ætluð bifreiðastjórum fólksflutningabíla. Óheimilt er að ráða bifreiðastjóra til skólaaksturs sem hlotið hefur refsidóm fyrir brot á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga. Við gerð samnings um akstur skal liggja fyrir sakavottorð eða heimild skólastjóra til þess að afla upplýsinga úr sakaskrá, sbr. 3. mgr. 11. gr. laga nr. 91/2008.

7. gr.

Öryggi farþega

Bifreiðastjóri skal sjá til þess að nemendur séu í öryggisbeltum og hann skal ekki leggja af stað fyrr en öll öryggisatriði hafa verið uppfyllt. Bifreiðastjóra ber að sýna sérstaka aðgát áður en nemendum er hleypt út úr skólabifreið. Bifreiðastjóri getur tekið ákvörðun um að aka ekki ef aðstæður eru með þeim hætti, t.d. vegna veðráttu eða ófærðar, að breyta þurfi út frá fyrirliggjandi áætlun um daglegan skólaakstur og skal skólastjórnendum tilkynntu um slíka ákvörðun jafnskjótt og hún liggur fyrir. Ekki skal skilja börnin eftir ein í vondum veðrum.

Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi nemenda í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla. Bifreiðastjórar/verktakar skulu sýna trúnað um öll mál er þeir kunna að fá vitneskju um í starfi sínu og snerta einstaka nemendur, foreldra þeirra eða aðstandendur. Komi upp vandamál í skólabíl svo sem vanlíðan, einelti eða stríðni, eða verði bílstjóri var við að eitthvert barnanna eigi í erfíðleikum ber honum að ræða það við skólastjóra og/eða foreldra.

8. gr.

Um meðferð ágreiningsmála

Telji foreldrar einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, fræðslunefnd eða bæjarstjóra. Áskilinn er réttur verksala til að rifta samningi verði bifreiðastjóri uppvis að brotum á samningum eða reglum þessum.

Að öðru leyti vísast í reglur Mennta- og menningarmálaráðuneytis um skólaasktur nr. 656/2009.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Snæfellsbæjar þann 4. febrúar 2021.

Kristinn Jónasson

From: Linda Björk Pálsdóttir <linda@hvalfjardarsveit.is>
Sent: þriðjudagur, 16. febrúar 2021 16:27
To: Jakob Björgvin Jakobsson; helgafellssveit341@gmail.com; Björg Ágústsdóttir; Kristinn Jónasson; Eggert Kjartansson; Þórdís S. Sigurðardóttir; Árni Hjörleifsson; Sævar Freyr Práinsson; magnus@sudurnesjabaer.is; Reykjanesbær bæjarstjóri (kjartan.m.kjartansson@reykjanesbaer.is); Fannar Jónasson; 'Ásgeir Eiríksson' (asgeir@vogar.is); 'oddviti@kjos.is'; 'Dagur B. Eggertsson' (dagur@reykjavik.is); 'Haraldur Sverrisson' (haraldur@mos.is); 'Ásgerður Halldórsdóttir' (asgerdur@seltjarnarnes.is); 'Ármann Kr. Ólafsson' (armann@kopavogur.is); 'Gunnar Einarsson' (gunnar@gardabaer.is); rosa@hafnarfjordur.is
Cc: Ása Valdís | Oddviti GOGG; Jón Páll Hreinsson; Jónas Egilsson; Pröstur Friðfinnsson
Subject: Tillaga minni sveitarfélaga - Frumvarp um íbúalágmark
Attachments: Tillaga starfshóps minni sv. um sameiningarákvæði.pdf
Importance: High

Sæl ágætu félagar.

Erindi til allra sveitarfélaga, bið ykkur vinsamlegast að koma því til sveitarstjórnarfulltrúa með hraði.

Hjálagt er tillaga sem hópur minni sveitarfélaga hefur unnið í því skyni að hún gæti komið í stað íbúalágmarks, með það að markmiði að styrkja og efla sveitarstjórnarstigið, ekki hvað síst með sameiningum. Tillagan var í gær send til Umhverfis- og samgöngunefndar Alþingis.

Leitað var leiða sem sveitarfélögin öll gætu sameinast um á vettvangi Sambands íslenskra sveitarfélaga þannig að það geti gegnt hlutverki sínu sem sameiginlegur málsvari allra sveitarfélaga. Tillöguna leggur hópurinn jafnframt fram í því skyni að ná fram sátt um hið mikilvæga mál sem efling sveitarfélaga er, öllum íbúum landsins til heilla.

Tillagan byggir á grunngildum lýðræðis og sjálfstjórnunarréttar sveitarfélaga og er í takt við meginsjónarmið í stefnumótandi áætlun um eflingu sveitarstjórnarstigsins sem samþykkt var á Alþingi á síðasta ári, einkum er varðar lýðræði, sjálfstjórnarrétt og sjálfbærni sveitarfélaga. Hún er jafnframt í góðu samhengi við sveitarstjórnarlög og fellur að þeim lagaramma sem fyrir er um sveitarfélög.

Það er okkar sannfæring að tillagan muni vinna betur að eflingu sveitarfélaga en íbúalágmarkið enda eru íbúar best til þess fallnir að meta hagsmuni á sínu svæði og bera ábyrgð á þróun sinna sveitarfélaga.

Að þessu sögðu er það er einlæg von okkar að hjálögð tillaga hljóti góðan stuðning og hægt verði að ljúka þessu máli í góðri sátt Alþingis og sveitarfélagastigsins.

Að tillögunni standa um 20 sveitarfélög en vonir eru bundnar við að fulltrúar fleiri sveitarfélaga sjái tækifæri í að senda inn umsögn um frumvarpið og styðja tillöguna. Umsagnarfrestur rennur út 18. Febrúar nk., verður þó mögulega lengdur.

Með von um jákvæð viðbrögð.

F.h. hóps minni sveitarfélaga,
Ása Valdís Árnadóttir, oddviti Grímsnes- og Grafningshreppi
Jón Páll Hreinsson, sveitarstj. Bolungarvík.

Jónas Egilsson, sveitarstj. Langanesbyggð
Linda Björk Pálsdóttir, sveitarstj. Hvalfjarðarsveit
Próstur Friðfinnsson, sveitarstj. Grýtubakkahreppi

Með bestu kveðju,



Linda Björk Pálsdóttir
Sveitarstjóri Hvalfjarðarsveitar
Innrimel 3, Hvalfjarðarsveit
301 Akranes
Sími 433 8500
linda@hvalfjardarsveit.is

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 5. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

Til að vinna að eflingu og stækkun sveitarfélaga verði eftirfarandi ákvæði sett í lög í stað ákvæðis um 250/1000 íbúa lágmarksfjölda;

Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum og eigi síðar en 6 mánuðum eftir þær, skal sveitarstjórn taka til umræðu og meta hvort ástæða sé til að sveitarfélagið sameinist öðru eða öðrum sveitarfélögum.

Almenn umræða:

Þegar sveitarstjórn metur hvort horfa beri til sameiningar við önnur sveitarfélög, skal meðal annars horft til;

- Fjárhagslegra þátta, t.d. hvort vafi leiki á um rekstrarhæfi og sjálfbærni sveitarfélagsins til lengri tíma.
- Þjónustu, þar með talið hvort íbúar sveitarfélagsins njóti eða geti notið þeirra þjónustu sem þeim ber samkvæmt lögum og stjórnvaldsfyrirmælum, þar með talið vegna samstarfssamninga sveitarfélaga um afmörkuð verkefni.
- Félaagslegra þátta, t.d. hvort sveitarfélagið sé hæfileg samfélagsleg eining.
- Annarra þátta sem sveitarstjórn kann að telja mikilvæga, t.d. samstarf við önnur sveitarfélög, íbúapróun og landfræðilegar aðstæður.

Sé það mat sveitarstjórnar að rétt sé að skoða sameiningu við annað eða önnur sveitarfélög hefst **viðræðuferill**. Sveitarstjórn skal kynna niðurstöðu **almennrar umræðu** fyrir íbúum, að lágmarki með bókun í fundargerð sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins.

Nú hefur sveitarstjórn metið það svo eftir **almenna umræðu** að eigi sé þörf fyrir sameiningu. Íbúar geta þá óskað eftir því með undirskriftum að lágmarki 15% kosningabærra manna m.v. síðustu sveitarstjórnarkosningar, að sameiningarkostir verðir metnir og boðað til íbúakosningar um þá. Er þá sveitarstjórn skylt að verða við þeim óskum og hefja **viðræðuferil**, enda verði því við komið innan kjörtímabilsins.

Sértæk umræða:

Ef tveir eða fleiri af eftirtöldum þáttum eiga við, þegar horft er til síðustu fjögurra ára, skal sveitarstjórn hafa **sértæka umræðu**. Sveitarstjórn skal þá leitast við að greina orsakir fyrir slæmri þróun, rýna í horfur til næstu ára og meta hvort meiri líkur séu á farsælli þróun með sameiningu við annað eða önnur sveitarfélög. Sérstaklega skal metið hvort þróunin er umtalsverð og viðvarandi, hvort um sérstakar ástæður er að ræða sem sér fyrir endann á, eða óveruleg frávik sem í engu ógni framtíð sveitarfélagsins.

Þættirnir eru:

1. Sveitarfélagið hefur ekki náð að standast fjárhagsleg viðmið í lögum, s.s. um skuldaviðmið og/eða jafnvægisreglu.
2. Skuldahlutfall er hátt miðað við sambærileg sveitarfélög og hefur farið hækkandi.
3. Íbúatala hefur farið lækkandi.
4. Framlög Jöfnunarsjóðs sem hlutfall af tekjum eru há miðað við sambærileg sveitarfélög og hafa farið hækkandi.

Ákveði sveitarstjórn eftir **sértæka umræðu** að ekki sé ástæða til að hefja **viðræðuferil** um sameiningu, skal hún rökstyðja það álit sitt og senda til ráðuneytis sveitarstjórnarmála. Ráðuneytið fer yfir mat sveitarstjórnar og getur eftir atvikum gefið álit sitt og sent sveitarstjórn. Telji ráðuneytið ástæðu til að fylgja málinu frekar eftir, færast það á borð eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga og vinnur nefndin þá að því eftirleiðis í samræmi við hlutverk sitt og starfsreglur.

Sveitarstjórn skal kynna íbúum sínar ákvarðanir og rökstuðning eftir *sértæka umræðu*, að lágmarki sem bókun í fundargerð sem birt er á heimasíðu sveitarfélagsins. Einnig skal kynna íbúum álit ráðuneytis með fullnægjandi hætti, ef við á, t.d. á heimasíðu sveitarfélagsins.

Nú hefur sveitarstjórn metið það svo eftir *sértæka umræðu* að eigi sé þörf fyrir sameiningu. Íbúar geta þá óskað eftir því með undirskriftum að lágmarki 10% kosningabærra manna m.v. síðustu sveitarstjórnarkosningar, að sameiningarkostir verðir metnir og boðað til íbúakosningar um þá. Er þá sveitarstjórn skylt að verða við þeim óskum og hefja *viðræðuferil*, enda verði því við komið innan kjörtímabilsins.

Viðræðuferill:

Sé það mat sveitarstjórnar eða vilji nægjanlegs hlutfalls íbúa með undirskriftum sínum, að rétt sé að skoða sameiningu við annað eða önnur sveitarfélög, skal sveitarstjórn (láta) stilla upp valkostum, einum eða fleiri, um sameiningu auk valkosts um að hafna tillögu um sameiningu. Valkostina skal leggja fyrir í íbúakosningu að undangenginni kynningu. Samþykki íbúar einn eða fleiri sameiningarkosti með einföldum meirihluta skal sveitarstjórn án tafar leita eftir afstöðu hlutaðeigandi sveitarfélags/sveitarfélaga til viðræðna. Hafni íbúar þeim sameiningarkostum sem sveitarstjórn leggur fyrir verður ekki lengra gengið að sinni.

Nú óskar sveitarfélag eftir sameiningarviðræðum við annað eða önnur sveitarfélög að undangenginni íbúakosningu. Skal (skulu) þá hlutaðeigandi sveitarstjórn(ir) án tafar efna til kynningar og íbúakosningar um að ganga til þeirra viðræðna eða hafna viðræðum. Samþykki íbúar að ganga til viðræðna um sameiningu hefja sveitarstjórnirnar það ferli sbr. XII kafla sveitarstjórnarlaga. Hafni íbúar sveitarfélags því að ganga til viðræðna verður ekki lengra gengið að sinni í því sveitarfélagi.

Sveitarstjórnir geta haft samráð sín á milli við umræður og undirbúning viðræðna þannig að hægt sé að hafa íbúakosningu í fleiri en einu sveitarfélagi á sama tíma.

Heimilt er að láta kosningar um ofangreinda valkosti fara fram með rafrænum hætti.

Þegar sveitarfélög, tvö eða fleiri, hafa ákveðið að ganga til sameiningarviðræðna fer ferlið eftir ákvæðum XII kafla sveitarstjórnarlaga og lýkur með kosningum íbúa. Íbúar skulu jafnan vel upplýstir um þá vinnu sem fram fer og þeim gefinn kostur á að hafa áhrif á gang mála t.d. með íbúapöngum og/eða rafrænum viðhorfskönnunum.

Sveitarfélög sem leggja í viðræðuferil geta sótt um styrk til þeirrar vinnu til ráðuneytis/Jöfnunarsjóðs. Styrkur getur verið í formi fjármuna og/eða sérfræðiráðgjafar. Ráðuneytinu ber sérstaklega að aðstoða sveitarfélög ef *viðræðuferill* fer af stað eftir *sértæka umræðu* og eftir atvikum álitsgjöf ráðuneytisins, hvort heldur er með fjárstyrk eða sérfræðiráðgjöf.

Greinargerð með tillögunni:

Í stefnumótandi áætlun í málefnum sveitarfélaga sem Alþingi hefur samþykkt, er áhersla á stækkun og eflingu sveitarfélaga, sem og sjálfbærni þeirra. Sjálfstjórnarréttur og lýðræði eru meginstef áætlunarinnar og fer ofangreind tillaga mjög vel saman við þessar hugmyndir allar, sem og áherslu sem lögð er þar á virkt íbúalýðræði.

Tillagan á sér fordæmi í skipulagslögum, 35. gr. laganna sem hefst þannig: „Þegar að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið.“ Útfærsla er þó heldur viðameiri í þessari tillögu.

Einnig hefur tillagan beinar tilvísanir í sveitarstjórnarlög, allt frá fjármálaviðmiðum í VII. og VIII. Kafla, til sameiningarmála í XII. kafla laganna.

Tillaga þessi er þannig í góðu samhengi við það lagaumhverfi sem fyrir er, auk þess að fylgja í meginatriðum þeirri stefnu um eflingu sveitarfélaga sem samþykkt hefur verið.

Með **almennri umræðu** er tryggt að sveitarstjórnir skoði með reglubundnum hætti hvort rétt sé að láta reyna á sameiningar sveitarfélaga, en jafnframt eru grunngildin um sjálfstjórnarrétt, lýðræði og íbúalýðræði virt til fulls. 15% kosningabærra íbúa geta knúið sveitarstjórn til aðgerða telji þeir ástæðu til.

Með **sértækri umræðu** er horft til 4ra ára, þ.e. liðins kjörtímabils. Horft er til fjárhagslegra viðmiða í lögum en einnig þátta sem ætla má að varði leiðina í átt frá sjálfbærni sveitarfélaga. Telji sveitarstjórn ekki ástæðu til að leita eftir viðræðum um sameiningu skal hún senda ráðuneyti sveitarstjórnarmála rökstuðning sinn. Ráðuneytið gefur álit sitt á honum eftir atvikum. Íbúar hafa endanlegt vald, þeim ber að kynna rök sveitarstjórnar og einnig álit ráðuneytisins, berist það. Aðeins 10% íbúa þarf nú til að knýja fram viðræðuferil, sem getur verið innan við 5 einstaklingar í minnstu sveitarfélögum.

Ráðuneyti sveitarstjórnarmála getur eftir **sértæka umræðu** vísað máli sveitarfélags til eftirlitsnefndar með fjármálum sveitarfélaga, telji ráðuneyti rök standa til þess. Nefndin mun þá fylgja því eftir í takt við sínar starfsreglur eftir því sem við á. Þannig er miðað að því að sveitarfélag geti ekki flotið sofandi að feigðarósi, afskiptalaust. Gengur þetta lengra en núverandi reglur um fjárhagsviðmið, að því leyti að hér er horft til neikvæðrar þróunar nokkurra þátta er varða sjálfbærni sveitarfélags til framtíðar. Metið er hvort horfur séu á áframhaldandi neikvæðri þróun, en ekki bara hvort sveitarfélög eru komin yfir eitthvert fjárhagslegt mark. Mögulega þarf að uppfæra starfsreglur nefndarinnar í þessu skyni.

Þau ákvæði sem hér eru lögð til ættu að flýta verulega fyrir þróun og stækkun sveitarfélaga, en um leið tryggja að sameiningar séu grundvallaðar á réttum málefnalegum forsendum á hverju svæði. Íbúum er fært aukið vald til inngripa og eftirlits með sveitarstjórn, en skv. sveitarstjórnarlögum þarf almennt að lágmarki 20% kosningabærra íbúa til að knýja fram kosningar um sérhvert málefni.

Engum er betur treystandi til að taka farsælar ákvarðanir í sameiningarmálum en íbúum sjálfum og þeim fulltrúum sem þeir hafa kosið til sveitarstjórnar. Enda hefur það sýnt sig að þegar undirbúningur er góður og rök standa til sameiningar, hafa íbúar almennt samþykkt sameiningar.

Almenn umræða á við öll sveitarfélög, **sértæk umræða** fer eftir þeim þáttum sem tilgreindir eru.

Það kann vel að vera jafn skynsamlegt að sameina stærri sveitarfélög sem minni. Enda er litið til framangreindra þátta um fjárhagslega getu sveitarfélaga, hæfni til að veita þjónustu, félagslegra þátta svo og annarra þátta sem sveitarstjórn kann að telja mikilvæga, s.s. landfræðilegra aðstæðna. Sérstaklega er síðan hoft til þátta er varða sjálfbærni sveitarfélaga til framtíðar. Tillaga þessi er því í ágætum og rökréttum takti við meginþætti í stefnumótandi áætlun Alþingis sem fyrr er getið.

Ekki væri óeðlilegt að meta og endurskoða þessar reglur eftir reynslu tveggja kjörtímabila eða um 2030.

Burðir sveitarfélaga til þjónustu, möguleikar til eflingar og þróunar eru ekki bundnir við íbúafjölda nema öðrum þræði, en landfræðilegir þættir og lega t.d. m.t.t. samgangna og vegalengda, hefur þar einnig vægi svo og innviðir.

Sveitarfélög og íbúar þeirra ættu alltaf að hafa síðasta orðið um örlög sveitarfélaga og möguleika til sameiningar, það verður öllum til heilla. Enda í bestu samræmi við gildandi lög, Evrópuráðssamning um sjálfsákvörðunarrétt sveitarfélaga og stjórnarskrá landsins.

Kristinn Jónasson

From: Sigurður Ármann Snævarr <sigurdur.snaevarr@samband.is>
Sent: föstudagur, 26. febrúar 2021 15:10
Subject: Ofgreiðsla staðgreiðslu 2020
Attachments: Frestanir des 2020 og jan 2021 22-02-2021 -sent á ráðuneyti.pdf; Staðgreiðsla sveitarfélaga á árinu 2020 og uppgjör.pdf

Komið þið sæl

Meðfylgjandi eru tvö skjöl. Annars vegar er minnisblað frá fjármála- og efnahagsráðuneytinu um staðgreiðslu sveitarfélaga á árinu 2020 og uppgjör. Hins vegar er yfirlit Fjársýslu ríkisins yfir ofgreiðslu til sveitarfélaga.

Alls er um að ræða ofgreiðslu sem nemur 4.162 m.kr. Í yfirliti Fjársýslu eru þrjár töflur. Í þeirri fyrstu er sýnt hvernig ofgreiðsla í desember, 227 m.kr. , skiptist á milli sveitarfélaga. Næsta sýnir ofgreiðslu í janúar, alls 3.935 m.kr. Í þriðju töflunni eru síðan tíundaðar heildargreiðslur ríkisins upp í frestanir í mars og desember. En það eru sem sagt fyrstu tvær töflurnar sem skipta máli.

Í minnisblaði ráðuneytisins er gert ráð fyrir að ofgreiðslurnar verð innheimtar í staðgreiðslu í þremur jöfnum greiðslum í mars, apríl og mars.

Með kveðju

Sigurður

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: **Samband íslenskra sveitarfélaga**
Sendandi: **Fjármála- og efnahagsráðuneytið; skrifstofa skattamála**
Dagsetning: **24.02.2021**
Málsnúmer: **FJR21010040**
Bréfalykill: **7.1**

Efni: Staðgreiðsla sveitarfélaga á árinu 2020 og uppgjör

Í því skyni að mæta efnahagslegum áhrifum heimsfaraldursins var gerð eftirfarandi breyting á lögum um staðgreiðslu opinberra gjalda, nr. 45/1987.

Frestun gjalddaga staðgreiðslu og tryggingagjalds

- Samkvæmt lögum nr. **17/2020** var helmingi af greiðslu á staðgreiðslu launamanna og tryggingagjaldi vegna launa í febrúar 2020, þ.e. gjalddagi 1. mars 2020, frestað hjá öllum launagreiðendum. Upphaflega náði frestunin til 1. apríl 2020.
- Með lögum nr. **25/2020** var fresturinn framlengdur með gjalddaga 15. janúar 2021 auk þess sem heimilað var að fresta greiðslu á þremur gjalddögum á tímabilinu 1. apríl til og með 1. desember 2020. Samkvæmt sömu lögum var launagreiðendum síðan heimilað að fresta enn lengur greiðslu á því sem frestað hafði verið og dreifa greiðslum á mánuðina júní, júlí og ágúst 2021. Sækja þurfti um aukinn greiðslufrest til og með 15. janúar 2021. Greiðslufresturinn fól ekki í sér frest á skilum skilagreina vegna staðgreiðslu, þeim bar að skila með sama hætti og áður fyrir lok 15. hvers mánaðar.
- Með 10. gr. laga nr. **141/2020** var heimilað að fresta greiðslu á allt að tveimur gjalddögum frá og með 1. janúar til og með 1. desember 2021. Nýr gjalddagi er samkvæmt því 17. janúar 2022.

Daglegt uppgjör við sveitarfélög er byggt á daglegri innheimtu staðgreiðslu og var því strax ljóst að frestanir á innheimtu skv. framangreindum lögum myndu hafa áhrif á uppgjör til sveitarfélaga.

Mars 2020

Fjármála- og efnahagsráðuneytið (FJR) ákvað að tryggja greiðslur til sveitarfélaga sem var frestað í þeim mánuði skv. lögum nr. 17/2020 sem getið er um hér að framan. Var þetta gert með tveim aukagreiðslum í mánuðinum að fjárhæð rúmir 4 ma.kr. þann 18. mars og 402 m.kr. þann 31. mars. Gert var ráð fyrir að greiðslur í mars til sveitarfélaga væru svipaðar og febrúar 2020 og var þeim dreift á sveitarfélög til samræmis við það.

Desember 2020

Sveitarfélög fengu greiddar 3,1 ma.kr.- sem byggðu á upplýsingum frá Fjársýslunni um stöðu á frestinum að frádreginni greiðslu á frestinum fyrir tímabilið mars 2020 til nóvember 2020.

Heildargreiðsla frestana til sveitarfélaga nam því rúmlega 7,5 milljörðum króna á árinu 2020.

Janúar 2021

Í janúar 2021 var komið að stórum endurgreiðslum á frestinum sem voru veittar á árinu 2020. Þessar greiðslur fóru inn í innheimtuskilakerfið og voru greiddar áfram til sveitarfélaga sem hluti af hefðbundnu uppgjóri, samtals um 3,9 ma.kr. Við uppgjör desembermánaðar 2020 reyndust inngreiðslur á frestinum vera meiri en frestanir þannig að einnig var um tvígreiðslu að ræða í þeim mánuði að fjárhæð 227 m.kr. (endurgreiðslan í desember til sveitarfélaga náði yfir tímabilið mars til

nóvember 2020).

Þannig fengu sveitarfélög í raun greitt aftur að hluta þær greiðslur á frestunum sem þau höfðu þegar fengið greiddar frá Ríkissjóði á árinu 2020. Heildarfjárhæð ofgreiðslunnar í desember 2020 og janúar 2021 nam um 4,2 ma.kr.

Framkvæmd endurgreiðslu

Fjársýslan hefur farið yfir málið með Sambandi íslenskra sveitarfélaga og hefur tekið saman yfirlit sem sýnir umfang þessarar ofgreiðslu og **ætti ofgreiðslan ekki að teljast með útsvarsgreiðslum ársins 2020.**

Meðfylgjandi er yfirlit yfir greiddar frestanir annars vegar í desember 2020 og hins vegar í janúar 2021 skipt niður á sveitarfélög, samtals 4,2 ma.kr. Sundurliðun á hvert sveitarfélag er í samræmi við greiðslur til sveitarfélaga í mars og desember 2020 og minnst var á hér að framan. **FJR leggur til að ofgreiðslan verði dregin frá greiðslu Fjársýslunnar til sveitarfélaga með þremur afborgunum, í uppgjörum um miðjan mars, apríl og maí.**

Greidd staðgreiðsla 2021 og upplýsingagiöf Fjársýslunnar

Á árinu 2021 má síðan búast við að áfram verði sveiflur í greiðslu á staðgreiðslu frá launagreiðendum þar sem annars vegar koma inn innborganir á eldri frestunum á móti nýjum frestunum, en á árinu 2021 má fresta allt að tveimur gjalddögum. Fjársýslan mun gera upp stöðu hvers sveitarfélags 10. hvers mánaðar miðað við stöðu mánuðinn á undan. Breytingar sem verða á frestunum milli mánaða koma svo til greiðslu eða aftektar á viðskiptareikningum sveitarfélaga við skil í uppgjöri um miðjan mánuð.

Endurgreiðslur vegna desember 2020

Innheimt staðgr. á frestuðum greiðslum

Hlutfall sveitarfélaga 54%

Hlutfall skipting eftir gr.2020

-421.170.509

-227.432.075

Ofgreidd staðgreiðsla til endurgreiðslu

Sveitarfélög			
0000 Reykjavíkurborg	29,49% -		67.069.719
1000 Kópavogsbær	10,81% -		24.585.407
1100 Seltjarnarnesbær	1,57% -		3.570.684
1300 Garðabær	5,53% -		12.576.994
1400 Hafnarfjarðarkaupstaður	7,86% -		17.876.161
1604 Mosfellsbær	2,91% -		6.618.273
1606 Kjósarhreppur	0,05% -		113.716
2000 Reykjanesbær	4,64% -		10.552.848
2300 Grindavíkurbær	1,03% -		2.342.550
2506 Sveitarfélagið Vogar	0,26% -		591.323
2510 Suðurnesjabær	0,61% -		1.387.336
3000 Akraneskaupstaður	1,77% -		4.025.548
3506 Skorradalshreppur	0,01% -		22.743
3511 Hvalfjarðarsveit	0,14% -		318.405
3609 Borgarbyggð	0,76% -		1.728.484
3709 Grundarfjarðarbær	0,31% -		705.039
3710 Helgafellssveit	0,03% -		68.230
3711 Stykkishólmsbær	0,25% -		568.580
3713 Eyja- og Miklaholtshreppur	0,02% -		45.486
3714 Snæfellsbær	0,46% -		1.046.188
3811 Dalabyggð	0,12% -		272.918
4100 Bolungarvíkurkaupstaður	0,38% -		864.242
4200 Ísafjarðarbær	1,19% -		2.706.442
4502 Reykhólahreppur	0,04% -		90.973
4604 Tálknafjarðarhreppur	0,06% -		134.185
4607 Vesturbyggð	0,24% -		545.837
4803 Súðavíkurhreppur	0,05% -		113.716
4901 Árneshreppur	0,01% -		22.743
4902 Kaldrananeshreppur	0,02% -		45.486

4911 Strandabyggð	0,09% -	204.689
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	1,12% -	2.547.239
5508 Húnaþing vestra	0,22% -	500.351
5604 Blönduósþæ	0,20% -	454.864
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	0,22% -	500.351
5611 Skagabyggð	0,01% -	22.743
5612 Húnavatnshreppur	0,06% -	136.459
5706 Akrahreppur	0,03% -	68.230
6000 Akureyrarkaupstaður	4,06% -	9.233.742
6100 Norðurþing	0,78% -	1.773.970
6250 Fjallabyggð	0,46% -	1.046.188
6400 Dalvíkurbyggð	0,40% -	909.728
6513 Eyjafjarðarsveit	0,26% -	591.323
6515 Hörgársveit	0,11% -	250.175
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	0,10% -	227.432
6602 Grýtubakkahreppur	0,08% -	181.946
6607 Skútustaðahreppur	0,14% -	318.405
6611 Tjörneshreppur	0,01% -	22.743
6612 Þingeyjarsveit	0,17% -	386.635
6706 Svalbarðshreppur	0,09% -	204.689
6709 Langanesbyggð	0,11% -	250.175
7300 Fjarðabyggð	1,36% -	3.093.076
7400 Sameinað svfél Borg,Djúp,Fl,Se	1,06% -	2.410.780
7502 Vopnafjarðahreppur	0,14% -	318.405
7505 Fljótsdalshreppur	0,01% -	22.743
8000 Vestmannaeyjabær	1,00% -	2.274.321
8200 Sveitarfélagið Árborg	2,09% -	4.753.330
8401 Sveitarfélagið Hornafjörður	0,57% -	1.296.363
8508 Mýrdalshreppur	0,17% -	386.635
8509 Skaftárhreppur	0,12% -	272.918
8610 Ásahreppur	0,04% -	90.973
8613 Rangárþing eystra	0,43% -	977.958
8614 Rangárþing ytra	0,33% -	750.526

8710 Hrunamannahreppur	0,16% -	363.891
8716 Hveragerðisbær	0,54% -	1.228.133
8717 Sveitarfélagið Ölfus	0,48% -	1.091.674
8719 Grímsnes-og Grafningshreppur	0,08% -	181.946
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,11% -	250.175
8721 Bláskógabyggð	0,22% -	500.351
8722 Flóahreppur	0,14% -	318.405
Jöfnunarsjóður	11,61% -	26.407.138
Samtals	100,00% -	227.432.075

Endurgreiðslur vegna janúar 2021

Innheimt staðgr. á frestuðum greiðslum

Hlutfall sveitarfélaga 54%

Hlutfall skipting eftir gr.2020

-7.288.556.242

-3.935.820.371

Ofgreidd staðgreiðsla til endurgreiðslu

1.160.673.427

29,49% -

0000 Reykjavíkurborg

10,81% -

425.462.182

1000 Kópavogsbær

1,57% -

61.792.380

1100 Seltjarnarnesbær

5,53% -

217.650.866

1300 Garðabær

7,86% -

309.355.481

1400 Hafnarfjarðarkaupstaður

2,91% -

114.532.373

1604 Mosfellsbær

0,05% -

1.967.910

1606 Kjósarhreppur

4,64% -

182.622.065

2000 Reykjanesbær

1,03% -

40.538.950

2300 Grindavíkurbær

0,26% -

10.233.133

2506 Sveitarfélagið Vogar

0,61% -

24.008.504

2510 Suðurnesjabær

1,77% -

69.664.021

3000 Akraneskaupstaður

0,01% -

393.582

3506 Skorradalshreppur

0,14% -

5.510.149

3511 Hvalfjarðarsveit

0,76% -

29.912.235

3609 Borgarbyggð

0,31% -

12.201.043

3709 Grundarfjarðarbær

0,03% -

1.180.746

3710 Helgafellssveit

0,25% -

9.839.551

3711 Stykkishólmsbær

0,02% -

787.164

3713 Eyja- og Miklaholtshreppur

0,46% -

18.104.774

3714 Snæfellsbær

0,12% -

4.722.984

3811 Dalabyggð

0,38% -

14.956.117

4100 Bolungarvíkurkaupstaður

1,19% -

46.836.262

4200 Ísafjarðarbær

0,04% -

1.574.328

4502 Reykhólahreppur

0,06% -

2.322.134

4604 Tálknafjarðarhreppur

0,24% -

9.445.969

4607 Vesturbyggð

0,05% -

1.967.910

4803 Súðavíkurhreppur

0,01% -

393.582

4901 Árneshreppur

0,02% -

787.164

4902 Kaldrananeshreppur

4911 Strandabyggð	0,09% -	3.542.238
5200 Sveitarfélagið Skagafjörður	1,12% -	44.081.188
5508 Húnaþing vestra	0,22% -	8.658.805
5604 Blönduósþéttbær	0,20% -	7.871.641
5609 Sveitarfélagið Skagaströnd	0,22% -	8.658.805
5611 Skagabyggð	0,01% -	393.582
5612 Húnavatnshreppur	0,06% -	2.361.492
5706 Akrahreppur	0,03% -	1.180.746
6000 Akureyrarkaupstaður	4,06% -	159.794.307
6100 Norðurþing	0,78% -	30.699.399
6250 Fjallabyggð	0,46% -	18.104.774
6400 Dalvíkurbyggð	0,40% -	15.743.281
6513 Eyjafjarðarsveit	0,26% -	10.233.133
6515 Hörgársveit	0,11% -	4.329.402
6601 Svalbarðsstrandarhreppur	0,10% -	3.935.820
6602 Grýtubakkahreppur	0,08% -	3.148.656
6607 Skútustaðahreppur	0,14% -	5.510.149
6611 Tjörneshreppur	0,01% -	393.582
6612 Þingeyjarsveit	0,17% -	6.690.895
6706 Svalbarðshreppur	0,09% -	3.542.238
6709 Langanesbyggð	0,11% -	4.329.402
7300 Fjarðabyggð	1,36% -	53.527.157
7400 Sameinað svfél Borg,Djúp,Fl,Se	1,06% -	41.719.696
7502 Vopnafjarðahreppur	0,14% -	5.510.149
7505 Fljótshreppur	0,01% -	393.582
8000 Vestmannaeyjabær	1,00% -	39.358.204
8200 Sveitarfélagið Árborg	2,09% -	82.258.646
8401 Sveitarfélagið Hornafjörður	0,57% -	22.434.176
8508 Mýrdalshreppur	0,17% -	6.690.895
8509 Skaftárhreppur	0,12% -	4.722.984
8610 Ásahreppur	0,04% -	1.574.328
8613 Rangárþing eystra	0,43% -	16.924.028
8614 Rangárþing ytra	0,33% -	12.988.207

8710 Hrunamannahreppur	0,16% -	6.297.313
8716 Hveragerðisbær	0,54% -	21.253.430
8717 Sveitarfélagið Ölfus	0,48% -	18.891.938
8719 Grímsnes-og Grafningshreppur	0,08% -	3.148.656
8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur	0,11% -	4.329.402
8721 Bláskógabyggð	0,22% -	8.658.805
8722 Flóahreppur	0,14% -	5.510.149
Jöfnunarsjóður	11,61% -	456.988.103
Samtals	100,00% -	3.935.820.371

Greiðslur vegna vegna frestunar 2020

Sveitarfélag	kennitala	18.3.2020	31.3.2020	31.12.2020	samtals greitt
Akrahreppur	410169-3209	1.398.722		982.053	2.380.775
Akraneskaupstaður	410169-4449	74.182.042	4.252.311	55.069.359	133.503.712
Akureyrarbær	410169-6229	180.624.693		126.817.978	307.442.671
Árneshreppur	430169-0419	372.512		261.544	634.056
Ásahreppur	430169-0339	1.781.987		1.251.147	3.033.134
Bláskógabyggð	510602-4120	9.848.122		6.914.442	16.762.564
Blönduós bær	470169-1769	8.351.541	584.462	6.274.036	15.210.039
Bolungarvíkurkaupstaður	480774-0279	9.353.516	7.589.311	11.895.688	28.838.515
Borgarbyggð	510694-2289	33.557.858		23.561.229	57.119.087
Borgarfjarðarhreppur	480169-6549	970.826		681.624	1.652.450
Dalabyggð	510694-2019	5.120.800		3.595.353	8.716.153
Dalvíkurbyggð	620598-2089	17.773.456		12.478.879	30.252.335
Djúpavogshreppur	570992-2799	4.467.778	471.160	3.467.666	8.406.604
Eyja- og Miklaholtshreppur	690894-2469	951.637		668.152	1.619.789
Eyjafjarðarsveit	410191-2029	9.733.049	1.643.278	7.987.406	19.363.733
Fjallabyggð	580706-0880	20.578.830		14.448.554	35.027.384
Fjarðabyggð	470698-2099	54.182.360	6.261.700	42.438.237	102.882.297
Fjótisdalsþénað	481004-3220	33.822.856		23.747.286	57.570.142
Fjótisdalshreppur	550169-5339	654.725		459.687	1.114.412
Floahreppur	600660-1310	5.553.198	668.120	4.368.035	10.589.353
Garðabær	570169-6109	181.728.293	63.954.137	172.495.513	418.177.943
Grindavíkurbær	580169-1559	31.376.704	14.480.124	32.196.430	78.053.258
Grimnes- og Grafningshreppur	590698-2109	3.522.042		2.472.853	5.994.895
Grundarfjarðarbær	520169-1729	8.127.837	5.468.832	9.546.325	23.142.994
Grýtubakkahreppur	580169-2019	3.560.632		2.499.947	6.060.579
Hafnarfjarðarkaupstaður	590169-7579	296.569.799	52.864.264	245.340.328	594.774.391
Helgafellssveit	600169-6379	422.165	714.103	797.782	1.934.050
Hrunamannahreppur	640169-2309	6.902.424		4.846.245	11.748.669
Húnavatnahreppur	420106-1300	2.636.750		1.851.282	4.488.032
Húnaþing vestra	540598-2829	9.788.249		6.872.404	16.660.653
Hvalfjarðarsveit	630606-1950	6.010.922		4.220.314	10.231.236

Hveragerðisbær	650169-4849	24.110.916	16.928.459	41.039.375
Hörgársveit	510101-3830	5.049.427	3.545.241	8.594.668
Ísafjarðarbær	540596-2639	37.200.418	37.131.825	90.018.053
Jöfnunarsjóður sveitarfélaga	9613520358	496.340.088	363.114.151	880.291.470
Kaldrananeshreppur	680169-0719	1.139.230	799.862	1.939.092
Kjósarhreppur	690169-3129	2.166.194	1.520.901	3.687.095
Kópavogsbær	700169-3759	397.406.075	337.408.322	817.973.265
Langanesbyggð	420369-1749	4.883.626	3.428.831	8.312.457
Mosfellsbær	470269-5969	117.055.947	90.692.118	219.863.361
Mýrdalshreppur	461283-0399	7.376.966	5.179.424	12.556.390
Norðurþing	640169-5599	30.273.448	24.217.902	58.711.049
Rangárþing eystra	4706022440	16.940.691	13.486.460	32.694.996
Rangárþing ytra	520602-3050	14.755.732	10.360.112	25.115.844
Reykholahreppur	440787-2589	1.864.900	1.309.361	3.174.261
Reykjanesbær	470794-2169	176.929.030	144.842.730	351.139.771
Reykjavíkurborg	530269-7609	1.310.569.850	920.161.115	2.230.730.965
Seltjarnarnesbær	560269-2429	51.191.394	49.099.527	119.031.149
Seyðisfjarðarkaupstaður	560269-4559	6.685.338	977.007	13.042.136
Skaftárhreppur	480690-2069	5.491.955	3.855.944	9.347.899
Skagabyggð	540602-2630	608.896	427.511	1.036.407
Skeiða-og Gnúpverjahreppur	540602-4410	4.844.981	3.401.698	8.246.679
Skorradalshreppur	600269-0709	460.846	389.605	944.513
Skútustaðahreppur	600269-1009	5.271.009	1.166.547	10.957.413
Snæfellsbær	510694-2449	17.728.202	14.353.677	34.797.376
Strandabyggð	570806-0410	4.169.200	2.927.227	7.096.427
Stykkishólmubær	620269-7009	11.200.197	7.863.744	19.063.941
Suðurnesjabær	550518-1200	1.792.533	19.055.576	46.196.109
Súðurvíkurhreppur	630269-4589	652.719	1.776.062	4.134.047
Svalbarðsstrandahreppur	640269-2279	3.984.393	558.129	7.731.861
Sveitarfélagið Árborg	650598-2029	88.792.844	4.215.757	158.310.651
Sveitarfélagið Hornarfjörður	590169-4639	24.296.879	1.195.310	43.390.450
Sveitarfélagið Skagafjörður	550698-2349	37.807.840	12.068.013	84.894.071
Sveitarfélagið Skagaströnd	650169-6039	4.886.206	4.787.552	16.465.777

Sveitarfélagið Vogar	670269-2649	11.607.870	8.149.974	19.757.844
Sveitarfélagið Ölfus	420369-7009	20.409.971	14.925.949	36.184.725
Táknafjarðarhreppur	640269-6779	2.415.872	1.789.251	4.337.651
Tjörneshreppur	650269-5789	519.725	364.903	884.628
Vestmannaeyjarbær	690269-0159	44.560.831	31.286.500	75.847.331
Vesturbyggð	510694-2369	10.033.155	7.901.466	19.155.390
Vopnafjarðarhreppur	710269-5569	6.196.566	4.350.656	10.547.222
Pingeyjarsveit	590602-2640	7.528.855	5.286.067	12.814.922
Heildargreiðslur		4.041.127.140	3.119.868.673	7.563.444.641

Borgarnes, 17. febrúar 2021

Efni: Menningarstefna Vesturlands 2021-2025

Ágæti viðtakandi

Nú er að fara af stað vinna við Menningarstefnu Vesturlands 2021-2025. Hér með er óskað eftir að fulltrúa frá sveitarfélögunum til að sitja í fagráði fyrir mótun og útgáfu Menningarstefnu Vesturlands fyrir árið 2021-2025. Menningarstefna landshlutans var í gildi á árunum 2016-2019 og því er orðið tímabært að koma þeirri vinnu sem hér er kynnt af stað á ný.

Í fagráði sitja fulltrúar frá öllum sveitarfélögunum á Vesturlandi auk fjögurra aðila sem hafa menningartengdar atvinnugreinar sem aðalstarf á Vesturlandi.

Samkvæmt starfsáætlun er reiknað með að fagråd hittist þrisvar sinnum á fjarfundum á meðan vinnslu stefnunnar stendur. Auk þess er fulltrúum fagráðs frjálst að sækja opna svæðisfundi sem verða fjórir talins auk eins Vesturlandsfundar sem verða auglýstir síðar. Áætlað er að starfi fagráðs ljúki í lok maí 2021 með formlegri útgáfu stefnunnar.

Óskað er eftir að tilnefning berist undirritaðs **eigi síðar en þriðjudaginn 23. febrúar nk**, með því að senda upplýsingar um nafn, tölvupóst og símanúmer viðkomandi með tölvupósti á sigursteinn@ssv.is. Sveitarfélögunum er frjálst að velja fulltrúan, en það er ráðlagt að viðkomandi starfi við menningarmál sveitarfélagsins af einhverju tagi, sitji í menningarnefnd eða sé málsvari síns svæðis í menningarmálum.

Menningarstefna Vesturlands 2021-2025 er áhersluverkefni Sóknaráætlunar Vesturlands með vinnuheitið Blómleg menning.



Sigursteinn Sigurðsson

Menningarfulltrúi Vesturlands
Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi



Snæfellsbær
b.t. félagsmálastjóra
Klettsbúð 4
360 Hellissandi

Reykjavík, 10. Febrúar, 2021

Umsókn um rekstrarstyrk fyrir árið 2021

Kvænnaathvarfið hefur frá stofnun verið skjól fyrir konur og börn þeirra þegar dvöl í heimahúsum er þeim óbærileg vegna ofbeldis. Dvalarkonum sem þess óska, stendur til boða aðstoð við taka þau skref sem nauðsynleg eru til að yfirgefa ofbeldissambandið auk þess sem konurnar nýta sér yfirgripsmikla þekkingu og reynslu starfandi ráðgjafa á hverjum degi. Börn í dvöl fá viðtöl eftir því sem þroski þeirra leyfir. Árið 2020 dvöldu 138 konur og 110 börn í athvarfinu og var meðaldvalartími 30 dagar. Ráðgjafaviðtöl án dvalar nýttu 312 konur sér í 620 viðtölum. Til viðbótar sinna ráðgjafar athvarfsins viðtalsþjónustu í Bjarkarhlíð og í Kvænnaathvarfinu á Norðurlandi, en öllum konum stendur til boða símaráðgjöf sem veitt er allan sólarhringinn.

Á síðasta ári hófu Samtök um kvænnaathvarf tilraunaverkefni með nýtt athvarf á Akureyri. Til stóð að verkefnið stæði fram til vors, en nú hefur það verið framlengt til loka ársins 2021 enda bendir allt til þess að að þörfin fyrir athvarf á Norðurlandi sé fyrir hendi. Dvalarkonur hafa aðallega komið frá norður og austurlandi og hafa hingað til komið 10 konur og 11 börn til dvalar.

Á síðustu áratugum hefur verið að koma sífellt betur í ljós hversu neikvæðar afleiðingar það hefur fyrir börn að búa á ofbeldisheimilum og gætir áhrifanna stundum allt lífið, ef ekki er gripið inn í. Við höfum því á undanförunum árum unnið að því markvisst að gera aðbúnað barna í Kvænnaathvarfinu sem bestan. Í því skyni var á síðasta ári ráðinn félagsráðgjafi með mikla starfsreynslu úr barnavernd til að sinna sérstaklega þörfum barna sem dvelja í athvarfinu, hlúa að þeim og koma áfram í viðeigandi úrræði. Markmiðið er að vinna að aukningu lífgæða barnanna í nútíð og framtíð, stuðla að því að dvölin sé sem ánægjulegust en jafnframt að aðstoða mæður og börn þeirra við að vinna gegn afleiðingum ofbeldisins. Upphaflega var verkefnið hugsað sem tilraunaverkefni en strax á fyrstu vikum þess varð ljóst að ekki yrði aftur snúið og tilraunaverkefni breytt í framtíðarskipan.

Sveitarfélög hafa hingað til verið öflugir stuðningsaðilar kvænna og barna sem sækja skjól til Kvænnaathvarfsins og er það von okkar að svo verði áfram. Í því skyni óskar Kvænnaathvarfið eftir rekstrarstyrk fyrir árið 2021 að fjárhæð kr. 100.000.

Ársskýrslur Samtaka um kvænnaathvarf er hægt að nálgast á heimasíðu athvarfsins, kvænnaathvarf.is.

F.h. Samtaka um kvænnaathvarf

Brynhildur Jónsdóttir

Brynhildur Jónsdóttir, rekstrarstýra
brynhildur@kvænnaathvarf.is



Til sveitarfélaga sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns Íslands

Reykjavík 15. febrúar 2021
Tilv. 2011236/2.6.2

Efni: Eftirlitskönnun með skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa

Þjóðskjalasafn Íslands hefur það hlutverk samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn að vera framkvæmdaraðili opinberrar skjalavörslu og skjalastjórnar. Það setur reglur um skjalavörslu og skjalastjórn og á jafnframt að hafa eftirlit með því að afhendingarskyldir aðilar ríkisins og sveitarfélaga sem ekki eru aðilar að héraðsskjalasafni, fylgi lögum og reglum. Afhendingarskyldir aðilar eru skilgreindir í 1. og 2. mgr. 14. gr. ofangreindra laga. Þar segir: *Afhendingarskyldir aðilar sem heyra undir stjórnýslu sveitarfélags skulu afhenda Þjóðskjalasafni Íslands skjöl sín ef sveitarfélagið rekur ekki héraðsskjalasafn á eigin vegum eða á ekki aðild að slíku safni.*

Árið 2017 kannaði Þjóðskjalasafn skjalavörslu og skjalastjórn sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafn Íslands og árin 2004, 2012, 2016 og 2020 var skjalavarsla og skjalastjórn afhendingarskyldra aðila ríkisins könnuð. Niðurstöður hafa verið gefnar út í skýrslum sem aðgengilegar eru á vef safnsins. Tilgangur kannananna var að meta hvernig afhendingarskyldir aðilar uppfylla lög og reglur um skjalavörslu og skjalastjórn til að efla ráðgjöf, þjónustu og eftirlit safnsins. Þá var aflað upplýsinga um skjalakost afhendingarskyldra aðila, umfang pappírsskjala og fjölda rafræna gagnasafna, til þess að meta þörf Þjóðskjalasafns fyrir geymslurými í nánustu framtíð.

Nú er ástæða til að kanna á ný skjalahald sveitarstjórnarskrifstofa sem eru afhendingarskyldar til Þjóðskjalasafns Íslands. Er markmiðið með könnuninni það sama og fyrr og jafnframt fást ný gögn sem sýna hvernig skjalahaldið hefur þróast. Afar mikilvægt er að öll sveitarfélög sem eru afhendingarskyld til Þjóðskjalasafns svari könnuninni svo að samanburður við niðurstöður síðustu könnunar verði raunhæfur. Rétt er að hafa í huga að hér er ekki um skoðanakönnun að ræða heldur upplýsingaöflun sem byggir á lögboðnu hlutverki Þjóðskjalasafns og því vinsamlegast farið fram á að allir svari.

Samkvæmt lögum nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn ber framkvæmdastjóri sveitarfélags ábyrgð á skjalavörslu og skjalastjórn síns sveitarfélags, þ.m.t. að unnið sé í samræmi við lög og reglur sem fyrr er getið. Þetta bréf er því sent til framkvæmdastjóra sveitarfélaga en gert er ráð fyrir að þeir feli skjalastjóra eða skjalaverði að svara könnuninni, ef slíkur starfsmaður er fyrir hendi.

Könnunin verður send rafrænt til framkvæmdastjóra sveitarfélaga 3. mars og þess farið á leit að henni sé svarað eigi síðar en 19. mars næstkomandi. Árni Jóhannsson, skjalavörður, hefur umsjón með verkinu. Beina má spurningum til hans á póstfangið arni.johannsson@skjalasafn.is.

Virðingarfyllt,

Hrefna Róbertsdóttir
Þjóðskjalavörður